



Borgarráð

Reykjavík, 24. febrúar 2026

MSS26020108

Skýrsla stýrihóps um framtíðarsýn og stefnu vegna Hins hússins.

Skýrsla stýrihóps um framtíðarsýn og stefnu vegna Hins hússins er lögð fram til kynningar í borgarráði.

Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

1. Niðurstöður stýrihóps um framtíðarsýn og stefnu, dagsett apríl 2024
2. Útfærsla á tillögum á forvarnarhluta Hins hússins



Reykjavík



Hitt húsið

**niðurstöður stýrihóps
um framtíðarsýn og stefnu
apríl 2024**

Almenn samantekt

Með erindisbréfi borgarstjóra frá 9. febrúar 2023 var tilkynnt um skipan stýrihóps um mótun framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins Hússins. Sú skipan byggði á breytingatillögu meirihluta borgarstjórnar við fjárhagsáætlun 2023. Stýrihópurinn var skipaður fimm fulltrúum, þremur frá meirihluta og tveimur frá minnihluta borgarstjórnar. Með stýrihópnum starfaði starfsfólk menningar- og íþróttasviðs, skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs þar með talið tveir fulltrúar Hins hússins. Í erindisbréfi hópsins segir m.a. að hlutverk hans sé að ráðast í gerð framtíðarsýnar og stefnumörkunar um starfsemi Hins hússins í Elliðaárdal, sem sé miðstöð ungs fólks með fjölbreytta og margþætta starfsemi. Bent er á að í nágrannasveitarfélögunum séu rekin ungmennahús og æskilegt sé að horft sé til þeirrar reynslu. Lagt verði mat á fyrirkomulag varðandi frístundastarf fatlaðra sem er veigamikill þáttur í starfsemi Hins hússins. Sömuleiðis viðburðahald Hins hússins sem gæti átt samleið með öðru viðburðahaldi í borginni. Loks er tilgreint að lagt verði mat á staðsetningu Hins hússins og mismunandi starfsþátta þess í Elliðaárdal með hliðsjón af fyrirhugaðri uppbyggingu á nýju hverfi í Ártúnsholti og í Vogabyggð auk mögulegrar tilkomu Toppstöðvarinnar sem miðstöðvar jaðaríþrotta.

Stýrihópurinn skipaður eftirtaldir borgarfulltrúar:

Skúli Helgason, formaður
Magnea Gná Jóhannsdóttir
Ragnhildur Alda Vilhjálmsdóttir
Rannveig Ernudóttir
Stefán Pálsson

Með stýrihópnum unnu:

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri Menningar- og íþróttasviðs
María Rut Reynisdóttir, skrifstofustjóri, Menningar og íþróttasviði
Markús H. Guðmundsson, forstöðumaður Hins Hússins, Menningar- og íþróttasviði
Soffía Pálsdóttir, skrifstofustjóri, Skóla- og frístundasviði
Þóra Kemp, deildarstjóri virknimiðlunar – virknihúss, Velferðarsviði og síðar Elín Oddný Sigurðardóttir deildarstjóri virknimiðlunar - virknihúss

Starfsmaður hópsins var:

Ragnheiður Árnadóttir, aðstoðarforstöðumaður Hins Hússins, Menningar- og íþróttasviði

Stýrihópurinn hélt alls 26 fundi á tímabilinu 9. mars til 7. desember 2023 og skilar hér af sér niðurstöðum sínum. Þær eru ítarlegar og fela í fyrsta lagi í sér tillögur varðandi málaflokka sem Hitt húsið hefur sinnt auk tillagna um breytingar á forgangsröðun þar sem lögð verði aukin áhersla á forvarnir og aðgerðir til að draga úr áhættuhegðun ungmenna. Í tengslum við tillögurnar fylgir ítarleg greinargerð sem dregur fram og ávarpar samhengi einstakra tillagna. Þá er að finna yfirlit yfir alla fundi stýrihópsins og efnisyfirlit varðandi umræður og kynningar á hverjum fundi. Stutt ágríp af sögu og stefnu Hins hússins er að finna í skýrslunni. Loks er að finna yfirlit yfir meginefni þeirra kynninga sem farið var yfir á fundunum.

Fylgiskjöl

1. Diverse strengths: Iceland's country report unnin af deild Atvinnumála- og forvarna í Hinu húsinu.
2. Minnisblað til borgarstjóra dagsett 25. janúar 2022 um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg fyrir 17 ára ungmenni
3. Undirbúningsnámskeið Jafningjafræðslunnar sumarið 2023 - dagskrá
4. Jafningjafræðslan sumarið 2023 - Lokaskýrsla millistjórnanda
5. Dagskrá virkninámskeiðsins Vítamín í október 2023
6. Stefnumótun Hins hússins - samantekt endurskoðuð í mars 2024
7. Forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024. Hermann Ottsson 2022.

Sögubrot

Hitt húsið var stofnað af Íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar 15. október árið 1991 fyrir ungt fólk á aldrinum 16- 25 ára. Í fyrstu var Hitt húsið staðsett í gamla skemmtistaðnum Þórskaffi í Brautarholti og var að mestu leyti rekið sem dansstaður fyrir ungt fólk. Fljótlega kom í ljós að ungt fólk vildi aðstöðu fyrir innihaldsríkari og uppbyggilegri starfsemi á sviði lista, menningar og fræðslu. Frá þeim tíma hefur Hitt húsið þróast í menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks. Haustið 2008 var nafninu breytt í Hitt húsið, miðstöð ungs fólks. Á vormánuðum 1995 var starfsemin flutt niður í miðbæ Reykjavíkur, í gamla Geysishúsið við Aðalstræti. Í mars 2002 var Hitt húsið svo fært um set að Pósthússtræti 3- 5. Í febrúar 2019 flutti öll starfsemin upp á Rafstöðvarveg 7-9, en árið 2015 hafði hluti frístundastarfs fatlaðra flutt upp á Rafstöðvarveg 9. Í ritgerð til M.A.-prófs í sagnfræði ritar Gylfi Már Sigurðsson verkefnastjóri í frítímastarfi fatlaðra í Hinu húsinu um upphaf, starfsemi og áhrif fyrsta ungmennahússins á Íslandi.

Markmið

Markmið Hins hússins er að endurspegla menningu ungs fólks og veita því aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd. Hitt húsið veitir upplýsingar og leiðbeinir ungu fólki í samstarfi við aðra fagaðila og samtök. Hitt húsið heldur úti atvinnuráðgjöf og námskeiðahaldi sem ætlað er að styrkja stöðu ungs fólks og vinnumarkaði. Hitt húsið er vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk og leggur sig fram um að virkja og fræða ungt fólk á jafningjagrundvelli, efla félagsfærni og jákvæða sjálfsmynd.

Stefna

Hitt húsið er eini starfstaðurinn innan Reykjavíkurborgar sem vinnur eingöngu með frítíma ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Með starfsemi sinni gegnir Hitt húsið mikilvægu forvarnarhlutverki fyrir þennan aldurshóp. Stefna Hins hússins byggir fyrst og fremst á viðamikilli þekkingu, samtali og langri reynslu á vinnu með ungu fólki á aldrinum 16-25 ára í frítíma þess. Hún styður jafnframt við stefnumótun og áherslur Reykjavíkurborgar í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri. Hitt húsið veitir ráðgjöf og upplýsingar og er í samstarfi við sambærilegar stofnanir í öðrum sveitarfélögum.

Vegna fjölbreytileika starfseminnar er aðkoma ungs fólks með afar ólíkum hætti og áhrif þess á starfsemina byggir mikið á því hvernig aðkoma og áhugasvið hvers og eins er. Lögð er áhersla á allir hafi frelsi, hver á sínum forsendum, til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta sér aðstöðuna. Starfsemin og andrúmsloft einkennist af fjölbreytileika, vinsemd, víðsýni og virðingu þar sem allir eru velkomnir óháð kyni, fötun eða uppruna.

Til þess að sem best megi aðstoða ungt fólk og vinna með fjölbreyttan hóp ungs fólks er mikilvægt að í Hinu húsinu starfi hópur starfsmanna með ólíkan bakgrunn, reynslu, menntun og áhugamál. Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi metnað í starfi og þá ástríðu til að bera að hafa gaman að því að vinna með ungu fólki og fyrir ungt fólk. Áhersla er lögð á teymisvinnu, en deildir halda utan um sérhæfingu í sínum málaflokkum.

Leitast skal við að fjárhagsáætlun standist og að fjármagn sé nýtt með ábyrgum hætti. Eftir því sem tæk eru á skal kappkostað að afla styrkja til starfseminnar með því vera í samstarfi og nýta sér sjóði til ýmissa samstarfsverkefna við innlenda sem og erlenda aðila. Hitt húsið hefur innleitt Græn skref í starfsemi sína og hefur lokið Regnbogavottun.

Innra skipulag

Starfsemin skiptist upp í eftirfarandi deildir: stjórnun, tæknideild, menningardeild, atvinnumál- og forvarnir, upplýsingamiðstöð og frítímastarf fatlaðra. Heildarfjárveiting fyrir árið 2023 eru: 622.159.126 kr., þar af eru 342.347.200 kr. til frítímastarfs fatlaðra. Önnur fjármögnun er sótt í ýmsa sjóði s.s Lýðheilsusjóð, Ýli, Vinnumálastofnun og áætlanir á vegum Rannís og Nordplus.

Í september 2023 voru 57 starfsmenn starfandi í Hinu húsinu sem skiptu með sér rúmlega 32 stöðugildum auk tímavinnu. Tveir starfsmenn eru auk þess í 50% starfshlutfalli hvor í gegnum atvinnu með stuðningi. Í 8 vikur á sumrin bætast við 12 stöðugildi í jafningjafræðslu, 11 í götuleikhús og 20 í listhópa, auk 20 stöðugilda fatlaðra ungmenna í 50% starfshlutfalli í 5 vikur. Yfir vetrartímann er opnunartími alla virka daga frá kl. 09.00 – 22.00 auk þess er oft starfsemi um helgar utan hins hefðbundna opnunartíma. Á sumrin er húsið opnað kl. 08.00/09.00 og er opið til kl. 20.00 alla virka daga.

Aðstaða

Heildarfermetrafjöldi húsnæðisins skiptist í: Rafstöðvarvegur 7 1.510 fm, Rafstöðvarvegur 9 730 fm, auk 485 fm kjallara sem notaður er sem geymslurými. Auk þess leigir Hitt húsið bílskúr að Lindargötu 10 fyrir grófan búnað götuleikhússins. Starfsemin fer einnig fram á öðrum stöðum innan borgarinnar s.s. í Hörpu, Borgarleikhúsinu, Tjarnarbíói og fleiri stöðum sem og á götum og torgum borgarinnar yfir sumartímann.

Aðstaðan að Rafstöðvarvegi 7 skiptist í fjölnotasal (Norðursalur), Opið miðrymi (Miðsalur) með galleríi, borðtennisborði, billjardborði og 5 tölvum fyrir rafíþróttir, opið rými (Suðursalur) með setustofu, Playstation tölvu og píluspjaldi, 2 fundarherbergi, ráðgjafaherbergi, eldhús-og kaffiaðstöðu, listsmíðju fyrir fíngerða vinnu, nokkur skrifstofurými, upptökustúdíó og stóran matsal/fjölnotarými með góðri eldunaraðstöðu.

Á Rafstöðvarvegi 9 skiptist húsnæðið í fjölnotarými með eldhúsaðstöðu og fatahengi á 1. hæð sem og hvíldarherbergis og stúdíós. Auk þess er salerni sérútbúið með lyftubúnaði fyrir fatlaða. Á 2. hæð er lítill bíosalur, skrifstofuaðstaða og opið fjölnotarými. Utandyra eru 4 hleðslustöðvar fyrir rafbíla, vinnuskúr fyrir smíðavinnu, aðstaða til útileikja m.a. fyrir fótbolta og körfubolta.

Tillögur

1. Forvarnir

- a) Skerpt verði á nýrri forgangsröðun í starfsemi Hins hússins með því að auka áherslu á forvarnarstarf og vinnu við að fyrirbyggja og draga úr áhættuhegðun ungmenna. Lögð verði áhersla á forystuhlutverk og frumkvæði Hins Hússins í þeim málaflokki, þar sem tekið verði mið af nýrri forvarnaáætlun Reykjavíkurborgar sem verið er að vinna að undir lýðheilsustefnu borgarinnar.
- b) Komið verði á formlegu samstarfi milli Hins hússins og félagsmiðstöðva borgarinnar m.t.t. upplýsingamiðlunar, samstarfsverkefna o.fl.
- c) Lagt er til að Hitt húsið sinni 16-18 ára hópnum sérstaklega og meti fýsileika þess að þjónusta þau í nærumhverfi sínu.
- d) Skoða hvernig megi auka enn frekar samstarf Hins hússins og framhaldsskóla í borginni. Leita eftir samstarfi við framhaldsskóla um samnýtingu aðstöðu og starfsfólks. Horft verði til samstarfs FB og félagsmiðstöðvarinnar 111.
- e) Hitt húsið komi meira að vettvangsstarfi með ungmennum í hverfum borgarinnar. Skoðað verði hvort og þá hvernig aðkoma Hins hússins geti verið inn í starfsemi Flotans og vettvangsstarfs á stórvíðburðum á vegum borgarinnar.
- f) Lögð verði áhersla á að taka skýra afstöðu gegn ofbeldi í allri fræðslu og vinnu með ungmennum í borginni og á höfuðborgarsvæðinu.
- g) Jafningjafræðsla verði í boði fyrir alla nýnema í framhaldsskólum þar sem boðið er uppá fræðslu á jafningjagrundvelli sem styður ungt fólk til að taka upplýstar ákvarðanir er varða heilbrigt líferni og viðhorf.
- h) Verkefnið “styrkur og vellíðan” standi ungu fólki til boða árlega. Verkefnið miðar að því að hvetja ungt fólk til virkni og efla félagsleg tengsl í gegnum hreyfingu og hópavinnu.
- i) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við einstök fagsvið innan Reykjavíkurborgar í málefnum er tengjast forvörnum og áhættuhegðun.
- j) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við aðila með sambærilega starfsemi/hlutverk hjá nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og taki að sér forystuhlutverk í því samstarfi.
- k) Auka samstarf Hins hússins við foreldra og nýta samfélagsmiðla til að ná til þessa hóps með forvarnir í huga.
- l) Hitt húsið verði virkur þátttakandi í innleiðingu farsældarlaganna með formlegum hætti og hafi formgerða tengingu við tengiliði framhaldsskólana í Reykjavík og tengiliði/málastjóra í Miðstöðvum velferðarsviðs (VEL).
- m) Hitt húsið eigi fulltrúa í samráðshópi fulltrúa Miðstöðvanna fjögurra þar sem markmiðið er að afla upplýsinga um ástæður brotthvarfs ungmenna úr framhaldsskólunum, fá yfirsýn yfir þarfir hans og hvaða úrræði honum standa til boða, samhæfa tilboð og verkefni. Tryggja samhengi við atvinnutengda námið.

- n) Komið verði á verkefni með skóla- og frístundasviði (SFS) og grunnskólum Reykjavíkur um samstarfssáttmála við ungmenni í 10. bekk og forráðamenn þeirra til að efla samstarf og styðja við nemendur að loknu grunnskólanámi og eða vegna brotthvarfs úr framhaldsskóla.
- o) Hitt húsið leggi áherslu á starfsemi fyrir jaðarsett ungmenni t.d. brotthvarfshópin í framhaldsskólum og ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu þar með talið þau sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Lögð verði áhersla á fjölbreytni í opnu starfi hússins auk sértæks hópstarfs.
- p) Leitað verði leiða til að auka nýtingu frístundastyrksins í aldurshópnum 16-18 ára.

2. Ungmenni með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

- a) Skoða hvernig megi auka samstarf Hins hússins og VEL, þ.m.t. Miðstöðvanna og Virkni húss, varðandi ungt fólk sem er umsækjendur um alþjóðlega vernd, með það að markmiði að koma því í virkni.

Með samstarfi Hins hússins og Miðstöðvanna verði ungu flóttafólki sem fengið hefur

- b) alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða boðið að taka þátt í vinnusmiðjum sem byggja á verkefninu “Diverse strengths” og eru þróaðar og aðlagðar eftir markhópum, m.a. út frá ólíkum tungumálum og menningarlegum bakgrunni. (sjá fylgiskjal nr. 1 skýrsla “Diverse strengths.”).

Ungt fólk sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli

- c) mannúðarsjónarmiða hér á landi fái kynningu á starfsemi Hins hússins, m.a. í gegnum verkefnið *Velkomin í hverfið*.

Ungu fólk sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli

- d) mannúðarsjónarmiða standi til boða að taka þátt í sértæku hópstarfi á vegum Hins hússins sem hefði það að markmiði að efla virkni þeirra og hjálpa þeim að aðlagast íslensku samfélagi.

Skoða hvernig megi auka samstarf Hins hússins og VEL, m.a. Alþjóðateymis varðandi ungt

- e) fólk sem er í bið eftir stöðu hér á landi, m.a. með kynningu á opnu starfi Hins hússins.

3. Menningarstarf

- a) Menningarstarf verði áfram ein af meginstöðum í starfsemi Hins hússins, með verkefnum á borð við Músíktílaunir, Götuleikhúsið og Unglist. Áhersla sé lögð á að endurspegla menningu ungs fólks og veita ungu fólki aðstöðu og stuðning við að koma verkefnum á sviði lista og menningar í framkvæmd.
- b) Tryggt verði að ungt fólk taki virkan þátt í mótun starfsemi Hins hússins á sviði Menningarmála og þannig sé Hitt húsið farvegur fyrir ungt fólk til þátttöku og áhrifa á sviði menningar og lista í samfélaginu.
- c) Finna þarf hentuga aðstöðu fyrir Götuleikhúsið til lengri tíma.
- d) Staðsetning verði fundin fyrir verklega og grófa vinnu í menningarstarfi Hins hússins. Slík starfsemi gæti átt heima með starfsemi Götuleikhúsi Hins hússins.

- e) Kanna fýsileika þess að vera með útibú Hins hússins í miðborginni þar sem áhersla verður lögð á menningarstarf og listsköpun. Til viðbótar við starfsemi Götuleikhússins og aðstöðu fyrir verklega og grófa listræna vinnu mætti skoða aðstöðu fyrir tónleikahald eða annars konar viðburðahald aldurshópsins 16 – 25 ára á hans forsendum. Slíkur staður gæti hýst viðburði á vegum Unglistar, tónleikaraðir, myndlistarsýningar o.fl.
- f) Kanna möguleika á samstarfi menningardeildar Hins hússins við aðila sem eru með samninga við Reykjavíkurborg þ.á.m. Tjarnarbíó, Iðnó og Borgarleikhúsið/Leikfélag Reykjavíkur, um tryggð afnot af húsnæði á sanngjörnu verði fyrir viðburði, t.a.m. danssýningar, Leiktu betur og Ungleik á Unglist.
- g) Leggja þarf áherslu á gott samstarf Hins hússins við menningarstofnanir Reykjavíkurborgar og sérverkefni á sviði menningar eins og Tónlistarborgina og Bókmenntaborgina.
- h) Listhópar Hins hússins og Götuleikhúsið eru verðug verkefni sem vert er að efla þegar til framtíðar er litið og æskilegt væri að fjölga stöðugildum í samræmi við fólksfjölgun í borginni þegar tækifæri gefst.
- i) Kortleggja nærumhverfi Hins hússins og tengja áhugasöm ungmenni við t.d. Tónhýl og Stelpur rokka!/Læti. Kanna hvort Hitt húsið geti haft milligöngu um afnot ungra hljómsveita af þessum rýmum og jafnvel Tónlistarþróunarmiðstöðvarinnar úti á Granda.
- j) Skoða samstarf menningardeildar Hins hússins og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkur með það fyrir augum að rýna í helstu verkefni og kynningarmál Hins hússins á sviði menningarmála til að bæta aðgengi jaðarsettra ungmenna í borginni.
- k) Metin verði fjárpörf verkefnisins Músíktílauna til að tryggja að verkefnið geti áfram verið einn helsti stökkpallur ungs tónlistarfólks inn í íslenskt tónlistarlíf.
- l) Efla alþjóðastarf Hins hússins í samræmi við ákvæði menningarstefnu borgarinnar um Reykjavík sem alþjóðlega borg lista og menningar. Leitað verði leiða til að styrkja menningardeild Hins hússins og gera henni kleift að skapa reykvískum ungmönnum spennandi tækifæri til þátttöku í alþjóðlegu samstarfi.

4. Frítímastarf fatlaðra

- a) Teknar verði upp viðræður við mennta- og barnamálaráðuneyti, framhaldsskóla og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um aukið samstarf þessara aðila um frístundastarf fatlaðra ungmenna. Í því samhengi verði framboð á húsnæði skoðað sem er hentugt til að sinna þessari mikilvægu þjónustu. Skoðað verði sérstaklega hvernig framhaldsskólar uppfylla 15 gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla og hvernig sveitarfélög uppfylla 16. gr. laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
- b) Auka samráð milli sveitarfélaga, þ.a. að ungmennin eigi möguleika á vali um frítímastarf í stað þess að flokka þjónustunotendur eftir búsetu á höfuðborgarsvæðinu. Í því samhengi þarf að skoða húsnæðismál, m.a. með tilliti til ungmenna sem þurfa sértækari aðstoð en þá sem veitt er í dag.
- c) Tryggja úrræði til að mæta mikilli fjölgun ungmenna með fötlun í Reykjavík, þar með talið ungmenna með þyngrri fatlanir og ungmenna með fötlun af erlendum uppruna.

- d) Rýna þarf fjölgun starfsmanna í samræmi við fjölgun ungmenna með fötlun þá sérstaklega starfsmanna með sérþekkingu, t.d. iðjuþjálfara, sjúkráþjálfara, þroskaþjálfum, til að starfið verði fjölbreyttara og faglegra.
- e) Fjölga tilboðum til að auka virkni ungmenna t.d. með skipulögðum tímum og smiðjum allan ársins hring, s.s. í tónlist, vinnu í hljóðveri, stuttmyndagerð, sundi, jóga og ýmsum öðrum tilboðum er tengjast lýðheilsumálum.

5. Atvinnumál- og ráðgjöf

- a) Reykjavíkurborg bjóði fjölbreytt störf fyrir 17 ára ungmenni í viðkvæmri stöðu og taki mið af niðurstöðu starfshóps á vegum Mannauðs- og starfsumhverfissviðs.
- b) Skoða hvernig megi auka samstarf og skýra verkaskiptingu milli Hins hússins og VEL, m.t.t. ráðgjafar, virkninámskeiða og atvinnumiðlunar.
- c) Hefja samtal við Vinnumálastofnun, félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga um hvernig megi auka aðkomu ríkisvaldsins að þjónustu við ungt fólk varðandi atvinnumiðlun og ráðgjöf, í samræmi við gildandi lög.
- d) Auka fræðslu til ungs fólks um réttindi og skyldur á vinnumarkaði, fjármálalæsi, þ.m.t. í samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur.

6. Húsnæði og samgöngur

- a) Skoða fýsileika þess að Hitt húsið verði með starfsemi í sem flestum borgarhlutum og einstakir hlutar starfseminnar geti haft heimastöð í mismunandi borgarhlutum.
- b) Tryggja stöðugleika varðandi húsnæðisaðstöðu Hins hússins til lengri tíma.
- c) Almenningsamgöngur að húsnæði og allri starfsemi Hins hússins verði tryggðar.

7. Stjórnkerfismál – Stefnur

- a) Settur verði á fót starfshópur sem skoði kosti þess og galla að færa starfsemi Hins hússins að hluta eða öllu leyti undir annað/önnur svið. Rýndir verði samlegðarmöguleikar, þ.m.t. varðandi atvinnumál og ráðgjöf gagnvart velferðarsviði og varðandi félagsmiðstöðvastarf gagnvart skóla- og frístundasviði. Starfshópurinn skoði sérstaklega leiðir til hagræðingar, s.s. með samþættingu við önnur svið og kanni fýsileika þess að flytja starfsemina að hluta eða öllu leyti í húsnæði borgarinnar til að spara útlagðan húsaleigukostnað.
- b) Samstarf Hins hússins við önnur svið borgarinnar verði formgert, s.s. SFS og VEL.
- c) Skoðað verði að breyta aldursviðmiði Hins hússins í 16-30 ára í takt við skilgreiningu Evrópusambandsins á ungu fólki.
- d) Skoðaður verði fýsileiki þess að stofna ungmennaráð fyrir þann aldurshóp sem Hitt húsið sinnir.

- e) Efnt verði til stórfundar með 16+ þar sem ungt fólk hefur umsjón með dagskrá og skipulagningu.

Nánari skýringar með tillögum

Í tillögugerð sinni lagði stýrihópurinn eftirfarandi löggjöf, stefnumótun og gögn til grundvallar.

- Frístundastefna Reykjavíkurborgar
- Lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar
- Skýrsla starfshóps á vegum SSH um forvarnir og geðrækt hjá ungmennum á höfuðborgarsvæðinu
- Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 - 16. grein
- Kynningar sem hópurinn fékk frá starfsfólki Hins hússins sem og öðrum gestum

1. Forvarnir

Liður 1m.

Huga þarf sérstaklega að þörfum þeirra ungmenna sem ekki fá skólavist í framhaldskólum og tryggja þeim viðeigandi úrræði.



Rannsóknir sýna fram á að andlegri líðan barna og unglinga hrakar, svefntími þeirra hefur minnkað og neikvæð áhrif vegna mikillar skjánotkunar hafa aukist. Dæmi um aðrar áskoranir eru nikótínvörur og aukin neysla unglinga á orkudrykkjum sem innihalda koffín. Ofbeldi er að aukast og hatursorðræða að verða meira áberandi í samfélaginu.

Innflytjendum heldur áfram að fjölga á Íslandi og er mikilvægt að taka vel á móti börnum og ungmennum sem koma til landsins. Viðurkenna þarf og virða fjölbreytileikann í hópi barna og ungmenna og gera alltaf ráð fyrir honum. Inngilding og þátttaka í samfélaginu er forsenda að farsælu samfélagi fyrir alla.

Mikill árangur hefur náðst á undanförunum áratugum í að draga úr neyslu áfengis og tóbaks með samvinnu þeirra aðila sem koma að málefnum barna og ungmenna ásamt þeim sjálfum. Í ljósi aukinnar áhættuhegðunar ungmenna á allra síðustu árum er hins vegar nauðsynlegt að skerpa á viðtæku samstarfi ríkis, sveitarfélaga, frjálsra félagasamtaka, fulltrúa ungmenna o.fl. Mæta þarf nýjum áskorunum og setja aukinn kraft í forvarnarstarf og heilsuefningu með markvissum aðgerðum. Samstarf í hverfum borgarinnar er lykilatriði í því að hafa jákvæð áhrif á gildi og viðmið þegar litið er til forvarna.

Rannsókn Íslenskra æskulýðsrannsókna (2023) var gerð meðal ungs fólks á Íslandi á aldrinum 18-24 ára árið 2022 þ.e. þeirra sem höfðu lokið námi annars vegar og hins vegar ekki lokið námi eða verið skráð í nám á þeim tíma sem könnunin var framkvæmd. Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að staða brottfallshópsins er mun veikari en hinna hvort sem það snýr að líðan, heilsu, einmanaleika, veiku fjárhagslegu baklandi, minni hvatningu frá foreldrum, fleiri höfðu lent í einelti og fleiri prófað ólögleg vímuefni. Einnig kom fram hjá brottfallshópnum að 15% þeirra töldu ólíklegt eða útilokað að vera í starfi sem þeim finnst skemmtilegt þegar þau verði 30 ára miðað við 5% skólahópsins.

Virgni í frítíma hefur mikið forvarnargildi. Samkvæmt gögnum frá MÍR frá árinu 2022 dregur mikið úr þátttöku ungmenna í skipulögðu tómstundastarfi eftir því sem þau eldast. Ennfremur nýta einungis 38% stráka og 33% stúlkna frístundastyrkinn í 18 ára aldurshópnum, en við 12 ára aldurinn nýta 85% stráka styrkinn og 90% stúlkna.



2. Málefni ungmenna með annað móðurmál en íslensku

Í lokaskýrslu verkefnisins “Diverse strengths” sem var samstarfsverkefni Íslands, Finnlands og Svíþjóðar um “NEET” hópin (ungt fólk sem er ekki í vinnu, námi eða þjálfun) kemur fram að helstu áherslur tengdar því hvað þjónusta við þennan hóp ætti að fela í sér voru:

- Tenging við vinnumarkaðinn
- Einstaklingsmiðuð nálgun
- Styrkleikamiðuð nálgun

- Efling félagslegra tengsla

Helstu áskoranir ungs fólks með erlendan bakgrunn samkvæmt þeim gögnum sem skýrslan náði til voru:

- Tungumálaörðugleikar
- Skortur á félagsauð
- Mismunur
- Menningarmunur
- Menntun
- Andleg heilsa

Ein afurð verkefnisins Diverse Strengths eru vinnusmiðjur sem eru þróaðar og aðlagðar með ólíka markhópa í huga m.a. er varðar tungumál og menningarlegan bakgrunn.

3. Menningarstarf

Liður 3c.

Hitt húsið hefur ekki haft tryggja aðstöðu fyrir Götuleikhúsið og aðstöðu fyrir grófa vinnu í tengslum við það frá árinu 2014. Síðan þá hefur ekki tekist að útvega aðra varanlega aðstöðu en Hitt húsið hefur mætt þörfinni með bráðabirgðaaðstöðu á hverju ári.

Liður 3d.

Fyrirsjáanleg uppbygging Hafnarhúss, sem húss myndlistar í miðborginni og Grófarhúss sem miðstöð hins talaða orðs og flutningur Listaháskólans í Tryggvagötu mun styrkja miðborgina enn frekar í sessi sem miðstöð menningar og lista í höfuðborginni. Staðsetning menningarstarfsemi Hins hússins í þeirri deiglu gæti verið lyftistöng fyrir starfsemi Hins hússins og tryggt sýnileika ungs fólks í listum og viðurkenningu á framlagi þeirra til vettvangsins.

Liður 3h.

Hitt húsið hefur haft til umráða 9 stöðugildi götuleikara ásamt 1 stöðugildi leikstjóra og 1 stöðugildi búningahönnuðar í fjárhagsramma síðustu ár, sem og 20 stöðugildi fyrir listhópana. Til samanburðar voru nágrannasveitarfélögin með eftirtalin stöðugildi í skapandi sumarstörf sumarið 2023:

- Kópavogur með 25 stöðugildi fyrir ungmenni á aldrinum 20-26 ára
- Garðabær með 18 stöðugildi fyrir ungmenni á aldrinum 18-25 ára
- Hafnarfjörður með 12 stöðugildi fyrir ungmenni á aldrinum 18-25 ára.

Liður 3k.

Músíktílaunir urðu 40 ára árið 2022 og frá því að þær hófu göngu sína hafa þær verið mikilvægur og frjór jarðvegur fyrir ungt tónlistarfólk í Reykjavík. Á undanförunum árum hefur kostnaður við framkvæmd verkefnisins aukist talsvert á meðan það fjármagn sem veitt er í keppnina hefur staðið í stað. Sem dæmi má nefna að húsaleiga hefur hækkað um 24% frá árinu 2018.

4. Frítímastarf fatlaðra

Liður 4a

Samkvæmt samantekt stjórnenda í frítímastarfi fatlaðra í Hinu húsinu er fjöldi skóladaga fyrir nemendur á starfsbrautum eftirtalinna framhaldsskóla árið 2023 eftirfarandi:

Fjölbraut í Breiðholti 150 dagar

Fjölbraut í Ármúla 155 dagar

Tækniskólinn 158 dagar

Menntaskólinn í Kópavogi 164 dagar
Borgarholtsskóli 166 dagar

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 2008 nr. 92 12 júní segir í IV kafla:

IV. kafli. Skipulag náms, námslok.

15. gr. [Námseiningar og starfstími.]¹⁾

Öll vinna nemenda í framhaldsskóla skal metin í stöðluðum námseiningum og skal að baki hverri einingu liggja því sem næst jafnt vinnuframlag nemanda. Eitt námsár, sem mælir alla ársvinnu nemanda með fullnaðararangri, veitir 60 einingar. Er þá miðað við að árlegur fjöldi vinnudaga nemenda sé að lágmarki [175] dagar.

Ráðherra setur í aðalnámskrá nánari reglur um mat á námi til eininga og vinnu nemenda í framhaldsskólum.

[Ráðherra gefur út reglugerð ³⁾ um starfstíma framhaldsskóla.] ¹⁾

¹⁾[L. 5/2015, 3. gr.](#) ²⁾[L. 71/2010, 2. gr.](#), sbr. einnig brbákv. í s.l. ³⁾[Rg. 260/2017](#), sbr. [1738/2021](#).

Í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfi nr. 38/2018 – 16. grein segir:

16. gr. Frístundaþjónusta


Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

Liður 4c.

Fyrirséð er mikil fjölgun fatlaðra ungmenna í frítímastarfið næstu ár (sjá gögn frá Klettaskóla hér fyrir neðan).

Nemendapróun (Þróun nemendafjölda og samsetning)

Stöðug fjölgun hefur orðið í nemendahópi Klettaskóla allt frá árinu 2011 eða um 37%. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvernig fjölgunin hefur orðið:



Við skólaok vorið 2023 var gert ráð fyrir 142 nemendum vegna skólaársins 2023-2024 í Klettaskóla, þar af sjö börn sem stunda nám í þátttökubekk sem staðsettur er í Árbæjarskóla. 14 börn eru að útskrifast úr 10. bekk Klettaskóla, en 21 barn að koma ný inn. Í byrjun skólaárs haustið 2023 höfðu 139 börn innritast í skólann og má sjá samsetningu hópsins hér fyrir ofan. Hlutfall erlendra nemenda í Klettaskóla eru 46 þar af 9 flóttabörn.

5. Atvinnumál og ráðgjöf

Liður a)

Sjá fylgiskjal nr. 2. Minnisblað til borgarstjóra frá ÍTR um sumarstörf hjá Reykjavíkurborg fyrir 17 ára ungmenni dagsett 25. janúar 2022.

Upplýsingar um atvinnuleysi ungs fólks í Reykjavík

Hér fyrir neðan er línurit byggt á upplýsingum frá Hagstofunni um vinnumarkaðsstöðu fólks í Reykjavík eftir aldri. Línuritið sýnir atvinnuleysi hjá aldurshópnum, 16-24 ára, eftir ársfjórðungum.


Þau 2 atriði sem virðast hafa haft mest áhrif á að auka atvinnuleysi hjá þessum aldurshópi í Reykjavík á tímabilinu 2013-2023 eru annars vegar kórónuveirufaraldurinn og hins vegar sumarleyfi þar sem námsfólk fer í leyfi frá námi en er oft ekki komið með vinnu.

Eins og sést á línuritinu sveiflast tölurnar yfir atvinnuleysi þessa hóps töluvert, bæði milli ársfjórðunga og milli ára.

Sjá má að atvinnuleysi hjá þessum hópi er alltaf mest á 2. ársfjórðungi, þ.e. á tímabilinu apríl-júní. Það skýrist að miklu leyti af því að það er tímabilið þegar námsfólk fer í sumarleyfi en er oft ekki komið með sumarvinnu/fær í einhverjum tilfellum ekki sumarvinnu. Á línuritinu sést að atvinnuleysið er alltaf minna á 3. ársfjórðungi, þ.e. á tímabilinu júlí-september, miðað við 2. ársfjórðung.


Atvinnuleysi fór minnst niður í 2,2% hjá þessum hópi, annars vegar á 4. ársfjórðungi árið 2017 og hins vegar á 3. ársfjórðungi árið 2022.

Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands




Myndin hér fyrir neðan sem byggð er á gögnum frá Hagstofunni sýnir atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2008-2023, skipt niður eftir aldursflokkum. Á henni sést að atvinnuleysi yngsta aldurshópsins, 16-24 ára, er alltaf töluvert meira á tímabilinu en hjá eldri aldurshópunum.

Á tímum efnahagskreppunnar jókst atvinnuleysi mikið og næstu árin eftir hrunið má sjá það dragast aftur saman. Að sama skapi jókst atvinnuleysi gríðarlega þegar heimsfaraldur kórónuveirunnar skall á árið 2020 og náði það sögulegum hæðum í byrjun árs 2021 eða um 12% sbr. tölur frá Vinnumálastofnun.



Heimild: Hagstofan


Hér fyrir neðan er sambærileg tafla fyrir Reykjavík til ársins 2022.



Heimild: Vinnumálastofnun

Hér fyrir neðan er síðan tafla sem sýnir skiptingu fjölda atvinnulausra í janúar 2024 á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 18-29 ára skipt eftir ungmennum af erlendum uppruna og þeirra sem fædd eru á Íslandi.

Fjöldi atvinnulausra janúar 2024 á
höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 18 - 29 ára



Heimild: Vinnumálastofnun

Liður b)

Vanvirkni og neysluvandi

Vísbendingar eru um að ákveðinn hópur ungmenna eigi á hættu að festast í langvarandi van virkni utan skóla og vinnumarkaðar. Oft fylgir slíku annar vandi s.s. geðrænar áskoranir eða neysluvandi. Mikilvægt að úrræði sem miða að aukinni virkni og þátttöku ungmenna mæti einnig þörfum þessa hóps.

Mikil aukning er á fjölda þeirra ungmenna með erlendan bakgrunn sem sækja í **atvinnuráðgjöf** Hins hússins annað hvort með því að **koma í viðtal eða fá ráðgjöf í gegnum fjarfundabúnað**. Taflan sýnir skiptingu milli innlendra ungmenna og ungmenna af erlendum uppruna, en ekki var byrjað að halda utan um tölfræði um erlendan bakgrunn fyrr en árið 2021. Þessi tölfræði tekur ekki mið af almennri upplýsingagjöf deildarinnar til ungs fólks er varðar atvinnumál sbr. réttindi og skyldur eða upplýsingagjafir til forráðamanna tengda sumarstörfum ungs fólks. Sú upplýsingagjöf fer að mestu fram í gegnum tölvupóst og síma.

Ár	Fjöldi	Erlendan bakgrunn
2023	103	48%
2022	85	36%
2021	68	27%
2020	43	Ekki skráð
2019	94	Ekki skráð

Neðan greind tafla sýnir fjölda virkra þátttakenda á **virkninámskeiðunum** síðustu 8 ár, en námskeiðin hafa verið haldin allt frá árinu 2009 í samvinnu við Vinnumálastofnun. Frá árinu 2021 hafa námskeiðin einungis verið á ensku fyrir ungt fólk með erlendan bakgrunn. Þegar undirbúningsnámskeiði lýkur tekur einstaklingsmiðuð nálgun við þar sem þátttakendur koma vikulega í Hitt húsið til að hitta ráðgjafa þar til starfsþjálfunarvinnustaður er fundinn.

Ár	Virkir þátttakendur
2023	26
2022	24
2021	14
2020	23
2019	35
2018	41
2017	30
2016	38

Ofangreindar töflur eru byggðar á gögnum frá deild atvinnumála- og forvarna í Hinu húsinu. Ef horft er til ársins 2023 þá hefur enginn úr Fjölsmiðjunni sótt atvinnuráðgjöf til Hins hússins meðan viðkomandi hefur verið í virkni þar.

Virknihús

Atvinnu og virknimiðlun styður einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu við atvinnuleit. Veitt er aðstoð við gerð ferilsskrár, einstaklingar fá undirbúning fyrir atvinnuviðtöl auk þess sem virkniráðgjafar eru í samskiptum við vinnuveitendur til að útvega störf. Auk þess eru haldin námskeið sem miða að því að auka starfshæfni notenda þjónustunnar. Markhópur þjónustunnar eru einstaklingar með fjárhagsaðstoð til framfærslu 18. ára og eldri. Um 13% núverandi notenda eru á aldrinum 18-25 ára. Auk Atvinnu-og virknimiðlunar er veitt IPS atvinnuráðgjöf en um er að ræða umfangsmeiri stuðning til lengri tíma fyrir einstaklinga til að fá störf við hæfi og viðhalda ráðningasambandi um 12% notenda IPS eru á aldrinum 18-25 ára.

Miðstöðvar

Öll ungmenni á aldrinum 18-25 sem sækja um fjárhagsaðstoð til framfærslu eru boðuð í viðtöl til ráðgjafa áður en framfærsla er greidd í fyrsta sinn. Gerð er einstaklingsáætlun með það að markmiði að koma umsækjanda í nám, atvinnu eða aðra virkni. Hægt er að greiða námsstyrk til ungmenna sem uppfylla skilyrði sem hluta af einstaklingsáætlun. Lögð er áhersla á að finna viðeigandi úrræði og styðja ungmenni til sjálfshjálpar. Auk þess sinna unglingasmiðjurnar Stígur og Tröð ungmennum á aldrinum 16-18 ára sem eru félagslega einangraðir.

Fjölsmiðjan

Velferðarsvið er með samning við Fjölsmiðjuna á höfuðborgarsvæðinu en þar fer fram fræðsla og verkþjálfun fyrir ungmenni á aldrinum 16-24 ára. Hugmyndin að Fjölsmiðjunni er sótt frá dönsku "Produktion" skólunum þar sem menntun, fræðsla og verkþjálfun fer fram með heildstæðum hætti. Markmið með þátttöku ungmenna í Fjölsmiðjunni er að komast í áframhaldandi nám eða störf á vinnumarkaði.

Samtals sóttu 95 ungmenni með lögheimili í Reykjavík Fjölsmiðjuna frá 1.janúar – 31. október 2023. Í október 2023 voru samtals 60 ungmenni með lögheimili í Reykjavík að stunda vinnu-og verkþjálfun í Fjölsmiðjunni. Flest voru 19 ára og yngri eða samtals 63 af 96, 30 voru á aldrinum 20-24 ára og 2 voru á aldrinum 25-29 ára en almennt er miðað við að Fjölsmiðjan sinni ungmennum á aldrinum 16-25 ára. Meirihluti þátttakenda eru karlar eða 72 en 23 konur tóku þátt. Á tímabilinu 1. janúar 2023 – 31. október 2023 voru 36% þátttakenda af erlendum uppruna.

Almennt er reglan sú að notendur nýti sér eitt úrræði innan Velferðarsviðs í einu. Þegar tilvísanir koma í Atvinnu-og virknimiðlun þá skoða ráðgjafar málaskrá til að sjá hvaða úrræði viðkomandi notendur hafa nýtt sér. Ef fram kemur að viðkomandi hafi verið í Fjölsmiðjunni er haft samband við ráðgjafa til að fá á hreint hvort viðkomandi sé að hætta í Fjölsmiðjunni og eigi þá að fá aðstoð frá

Atvinnu-og virknimiðlun. IPS atvinnuráðgjöf starfar eftir svipuðu verklagi og Atvinnu-og virknimiðlun. Ef tilvísun kemur er athugað hvort viðkomandi sé að hætta í Fjölsmiðjunni áður en þjónusta hefst, einnig er eitthvað um að notendur IPS fari í Fjölsmiðjuna en þá lýkur vinnslu IPS í málinu eftir að samfella í þjónustu hefur verið tryggð.

6. Húsnæðismál og samgöngur

Rafstöðvarvegur 7-9

Reykjavíkurborg leigir húsnæðið Rafstöðvarvegur 7-9 af eiganda hússins og greiðir húsaleigu sem nemur um 100 m. kr. á ársgrundvelli. Leiguverð tekur breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Í gildi er húsaleigusamningur sem rennur út 1. febrúar 2029.

Toppstöðin

Stýrihópurinn telur ekki raunhæft að vera með tillögu um Toppstöðina fyrr en framtíð hússins liggur fyrir. Ljóst er að kostnaður við endurbætur og uppbyggingu hússins myndi nema milljörðum króna og er rétt að láta fara fram greiningu á því hvort fýsilegt sé að ráðast í þær endurbætur eða horfa fremur til niðurrifs og mögulegrar uppbyggingar lágreists húsnæðis sem t.d. gæti nýst í skóla- og frístundastarfi í hverfinu og tæki mið af hinu verðmæta náttúrulega umhverfi í Elliðaárdalnum.

Liður 6c)

Almenningssamgöngur: Óskað verði eftir því að Strætó endurskoði leiðarkerfi sitt þ.a. strætisvagn keyri inn Rafstöðvarveginn til að bæta aðgengi ungmenna, gesta og starfsfólks að Hinu húsinu og annarri starfsemi sem er á svæðinu sbr. útivistarsvæði, safni og veitingahúsi á vegum Orkuveitunnar.

Samþykkt tillaga borgarstjórnar tengd húsnæði og framtíðaruppbyggingu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 21. nóvember 2023, ásamt fylgiskjöllum: Lagt til að þjónustu- og nýsköpunarsviði verði falið að leiða þarfagreiningu fyrir menningar- og samfélagshús á vegum Reykjavíkurborgar í fyrirhuguðu nýju hverfi á Ártúnshöfða. Til verkefnisins verði skipaður starfshópur með aðkomu annarra sviða Reykjavíkurborgar. Jafnframt er lagt til að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og eignaskrifstofu verði falið að semja við Borgarhöfða Fasteignaþróun II ehf. um að Reykjavíkurborg eignist þann byggingarrétt lóðarinnar sem ætlaður er fyrir menningarhús við Krossamýrartorg á Ártúnshöfða. Fyrir byggingarrétt menningarhúss verður greitt með byggingarrétti á nálægum lóðum á Ártúnshöfða og verður samningur lagður fyrir borgarráð þegar niðurstaða þarfagreiningar liggur fyrir.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt.

Fundir

Hópurinn hélt samtals 26 fundi, efni þeirra var:

1.fundur 9.03.23

Efni: Fulltrúar úr hverri deild Hins hússins kynntu starfsemina og svöruðu fyrirspurnum

Gestir: Ása Hauksdóttir deildarstjóri Menningardeildar, Ásta Sóley Haraldsdóttir deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra, Breki Bjarnason atvinnuráðgjafi í deild Atvinnumála og forvarna og Hreiðar Már Árnason deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar.

2.fundur 23.03.23

Efni: Húsnæðismál Hins hússins – Farið yfir svótgreiningu frá stjórnendum Hins hússins um það efni.

3.fundur 30.03.23

Efni: Stjórnendur Hins hússins kynntu drög að stefnumótun Hins hússins.

4.fundur 13.04.23

Efni: Kynning á 16+ vinnu í Breiðholtinu- Suðurmiðstöð, Samstarf Hins hússins við Vinnumálastofnun og verkefni atvinnumála- og forvarna, kynning á Jafningjafræðslu Hins hússins.

Gestir: Hlynur Einarsson frá SFS, Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri atvinnumála og forvarna í Hinu húsinu, Nóam Óli Stefánsson Jafningjafræðari.

5.fundur 27.04.23

Efni: Kynning á frítímastarf fatlaðra, skiptingu fjárveitinga og umræða um ofbeldismenningu.

Gestir: Elísabet Bjarnadóttir Semey þroskapjálfi og Gylfi Már Sigurðsson verkefnastjóri í frítímastarfi fatlaðra.

6.fundur 4.05.23

Efni: Ofbeldismenning í samfélaginu.

Gestir: Katrín Hjartardóttir og Aníta Sóley Scheving frá SÍF, Embla María Möller Atladóttir frá Reykjavíkurráði ungmenna, Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri atvinnumála og forvarna í Hinu húsinu og Berglind Rún Torfadóttir verkefnastjóri Jafningjafræðslu Hins hússins, Böðvar Nielsen Guðmundsson frístundaráðgjafi í upplýsingamiðstöð Hins hússins.

7.fundur 1.06.23

Efni: Kynning á „Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024“ – Samantekt varðandi „Forvarnir og geðrækt ungmenna“.

Gestur: Amanda K. Ólafsdóttir fulltrúi starfshóps á vegum SSH.

8.fundur 8.06.23

Efni: Kynning á starfsemi Hamarsins og Músík og mótors í Hafnarfirði og mikilvægi menningarstarfs fyrir ungt fólk

Gestir: Margrét Gauja Magnúsdóttir deildarstjóri ungmennahúsa Hafnarfjarðarbæjar og Ása Hauksdóttir deildarstjóri menningarmála í Hins hússins.

9.fundur 15.06.23

Efni: Farið yfir hvað situr helst eftir hjá meðlimum stýrihóps og starfshóps eftir þær kynningar og umræður sem hafa átt sér stað fram að þessu.

10.fundur 27.06.23

Efni: Atvinnumál ungs fólks.

Gestir: Þorvaldur Daníelsson borgarfulltrúi og fulltrúi í Velferðarráði, Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir teymisstjóri Virknimiðlunar hjá Velferðarsviði, Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri atvinnumála- og forvarna hjá Hinu húsinu.

11.fundur 10.08.23

Efni: Farið yfir skjal sem inniheldur meginefni kynninga og umræðna sem og fyrstu drög að hugmyndum og tillögum stýrihópsins.

12.fundur 17.08.23

Efni: Farið yfir 2. drög hugmynda- og tillöguskjals.

13.fundur 24.08.23

Efni: Farið yfir 3.drög hugmynda- og tillöguskjals.

14.fundur 31.08.23

Efni: Farið yfir 4.drög hugmynda- og tillöguskjals, sem nú er búið að flokka niður í málaflokka.

15.fundur 7.09.23

Efni: Rætt um frítímastarf fatlaðra í Hinu húsinu og á höfuðborgarsvæðinu í heild sinni.

Gestir: Unnur Helga Óttarsdóttir formaður Þroskahjálpar, Sara Dögg Svanhildardóttir verkefnastjóri við samhæfingu námsframboðs og atvinnutækifæra hjá Þroskahjálpar og Ásta Sóley Haraldsdóttir deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra í Hinu Húsinu.

16.fundur 14.09.23

Efni: Málefni ungs fólks, málefni ungs flóttafólks, kynning á Flotnum- færanlegri félagsmiðstöð og farið yfir stöðuna á Hinsegin félagsmiðstöðinni.

Gestir: Geir Zoëga tómtundafulltrúi Landssambands ungmennafélaga (LUF) og Þórdís Anna Gylfadóttir verkefnastjóri hjá Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF).

Sigþrúður Erla Arnardóttir frá Vesturmiðstöð VEL og Dagbjört Ásbjörnsdóttir frá SFS

Guðrún Kaldal framkvæmdastjóri Tjarnarinnar hjá SFS.

17.fundur 28.09.23

Efni: Farið yfir vinnu hópsins sem tók að sér að vinna forvarnakaflann.

18.fundur 5.10.23

Efni: Umræða um ýmis mál m.a. staðsetningu Hins hússins innan borgarkerfisins, frístundakortið, styttingu framhaldsskóla, húsnæðismál Hins hússins í gegnum tíðina og starf fyrir 16-18 ára úti í hverfum, þar sem mikilvægt er að kortleggja þörf.

19.fundur 12.10.23

Efni: Staðan á Toppstöðinni og umræða um atvinnumál ungs fólks m.a. samsetningu hópsins, úrræði sem eru í boði, ýmsar leiðir, nálganir og samstarf.

Gestir: Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri hjá FAS, Eignaskrifstofa,

Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri VEL í Suðurmiðstöð, Sigrún Skaftadóttir deildarstjóri á skrifstofu ráðgjafabjónustu hjá VEL.

20.fundur 19.10.23

Efni: Umræða um tillöguskjal hópsins, lagfæringar og viðbætur.

21.fundur 26.10.23

Efni: Umræða um hugmynda- og tillöguskjalið, lagfæringar, viðbætur, innihald og röðun.

22.fundur 1.11.23

Efni: Farið yfir athugasemdir við 7.drög hugmynda- og tillöguskjals.

23.fundur 9.11.23

Efni: Farið yfir greinargerð til tillögur og hugmyndavinnu um frítímastarf fatlaðra sem unnin var af Ástu Sóleyju Haraldsdóttur deildarstjóra frítímastarfs fatlaðra í Hinu húsinu og Bryndísi Snæbjörnsdóttur verkefnastjóra velferðarmála hjá VEL sem og greinargerð við tillögur og hugmyndavinnu um atvinnumál sem unnin var af Elínu Oddnýju Sigurðardóttur fulltrúa VEL í starfshópnum og Elísabetu Pétursdóttur deildarstjóra atvinnumála og forvarna í Hinu húsinu. Rætt um vinnu stýrihópsins út frá erindisbréfi hans og útfærslu á lokagreinargerð.

24.fundur 23.11.23

Efni: Farið yfir breytingar á hugmynda- og tillöguskjali sem og drög að greinargerð.

25.fundur 30.11.23

Efni: Farið yfir fjöldatölur og samsetningu hópsins sem sótt hefur atvinnuráðgjöf í Hitt húsið þar sem af er ári og stöðu á vinnu starfshóps varðandi sumarstörf fyrir 17 ára hópinn. Farið yfir hugmynda- og tillöguskjalið m.a. menningarkaflann. Rætt um fjölda skóladaga ungmenna á starfsbrautum framhaldsskólanna.

26.fundur 7.12.23

Efni: Farið yfir hugmynda- og tillöguskjalið.

Nánari útlistun á starfsemi Hins hússins

Tenging stefnu við markmið

Veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd.

Hitt húsið leitast við að bjóða ólíkum hópum og samtökum ungs fólks upp á fjölbreytta aðstöðu og búnað til að koma eigin hugmyndum til framkvæmdar sem og nýta sér húsakynni og nánasta umhverfi til afþreyingar, þroska, samveru og útiveru. Áhersla er lögð á að húsakynni séu heilsusamleg, örugg og aðgengileg hvort heldur með tilliti til aðgengismála fatlaðra eða almennra samgangna. Stefnt er að því að starfseminni verði tryggð aðstaða að Rafstöðvarvegi 7-9 til lengri framtíðar. Einnig skal stefnt að því að útvega götuleikhúsi Hins hússins varanlega aðstöðu sem einnig megi nýta til grófari vinnu við listsköpun yfir vetrartímann, sem og frekari aðstöðu til tónlistariðkunar. Áfram skal stefnt að því að þeir viðburðir sem þurfa sérstaka aðstöðu fái inni í öðru húsnæði s.s. í Hörpu, Borgarleikhúsinu og á fleiri stöðum sem og að starfsemin sé sýnileg fyrir gesti og gangandi í borgarlandinu samanber götuleikhúsið, listhópana, Músíktílaunir og Unglist listahátíð ungs fólks.

Hitt húsið verði áfram með frítímastarf fyrir fötluð ungmenni sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskólanna þar sem hópaskipting fer eftir fötlun og sjálfstæði. Frítímastarfið í Hinu húsinu skapar þannig mikilvægan sameiginlegan vettvang fyrir þessi ungmenni til að hitta vini sína eftir að skóla lýkur á daginn og skipuleggja frítíma sinn líkt og önnur ungmenni gera eftir skóla. Fjölbreytt umhverfi og starfsemi Hins hússins þar sem öll eru velkomin óháð kyni, fötlun eða uppruna skapa andrúmsloft þroska, samveru, félagslegra samskipta, umburðarlyndis og víðsýnis allra þjónustuþega, starfsmanna og annarra gesta.

Leitast skal við að ákveðin verkefni samanber Jafningjafræðslan séu hreyfanleg og fari út til unga fólksins með fræðslu hvort heldur til ungmenna í Vinnuskólanum, í félagsmiðstöðvum, framhaldsskólum eða í önnur sveitarfélög. Frítímastarf fatlaðra nýti sér aðstöðu og afþreyingu víðs vegar í borginni og á vinnustöðum innan hennar á sumrin. Áfram skal haldið að þróa upplýsingagáttina Áttavitann á netinu og að veita ungu fólki ráðgjöf á þeim vettvangi.

Endurspegla menningu ungs fólks

Hitt húsið endurspeglar fjölbreytta menningu ungs fólks og veiti því aðstöðu og aðstoð við að koma verkefnum á sviði menningar og lista til framkvæmdar. Áhersla er á jöfn tækifæri, virka þátttöku og reynslunám. Verkefnin séu uppbyggjandi, fræðandi og hvetji unga fólk til lýðræðislegrar þátttöku og áhrifa í samfélaginu á sviði menningar og lista. Ungt fólk fái tækifæri til að upplifa, leita þekkingar og skerpa skynjun sína og skilning á eigin lista- og menningarsamhengi. Með hvatningu og stuðningi öðlist það færi til að útfæra, skipuleggja og framkvæma eigin hugmyndir og viðburði á menningar- og listasviði. Ungt fólk sem sér um framkvæmd menningarviðburða á vegum Hins hússins geti beitt margvíslegum aðferðum og öðlist færni í tjáskiptum og styrkist þannig í að tjá og fylgja eftir skoðunum sínum, tilfinningum og hugðarefnum á opinberum vettvangi og í vinahóp.

Hitt húsið sé í samskiptum og samvinnu við aðrar stofnanir og aðila héraðs sem erlendis sem vinna að menningarmálum ungmenna. Lögð er áhersla á að sú aðstoð sem Hitt húsið veitir sé leiðandi á sínu sviði, fagleg, fjölbreytt og stuðli að öflugu og skemmtilegu listuppeldi meðal ungs fólks.

Opið frítímastarf sé í boði fyrir 16-18 ára ungmenni þar sem þau geta átt sitt afdrep í frítíma sínum, hitt vini og kynnst öðru ungu fólki. Með þessum hætti er hægt að brúa bilið milli félagsmiðstöðva og

Hins hússins. Starfið endurspeglar menningu þeirra hverju sinni, komi til móts við áhuga þeirra og þarfir og leggi grunn að því að þeir geti orðið virkir þátttakendur í verkefnum hússins.

Starfsemin endurspeglar menningu ungs fólks með fötlun og stuðli að virkni og félagslegri þátttöku þeirra í frítíma þeirra þar sem áhersla er lögð á að styðja við jákvæða sjálfsmynd, efla sjálfstæði, sjálfstraust og samkennd með öðrum.

Veita upplýsingar og ráðgjöf

Vegna ólíkra verkefna er síbreytilegur markhópur Hins hússins mjög fjölbreyttur og þarf því mismunandi aðferðir til að upplýsa hann og nálgast. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróun og notkun ungs fólks á samfélagsmiðlum og nýta þá miðla á faglegan og uppbyggilega hátt. Með upplýsingavef eins og Áttavitanum skapast tækifæri til að veita ungu fólki og öðrum faglegar upplýsingar og ráðgjöf sem og að skapa því tækifæri á að senda inn greinar.

Samskipti og samvinna við ungt fólk sem og skóla, félög og samtök ungs fólks skapar tækifæri til upplýsingamiðlunar, ráðgjafar og samstarfs. Mikilvægt er að starfsfólk Hins hússins afli sér þekkingar og upplýsinga um hverskyns úrræði sem sniðin eru að ungu fólki. Samvinna og samstarf við aðra fagaðila innan og utan borgarkerfisins styrkir vinnu með ungt fólk og byggir brýr sem auðveldar upplýsingagjöf og faglega nálgun.

Styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði

Mikilvægt er að styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði, hvort heldur með atvinnuráðgjöf til ungs fólks í atvinnuleit eða með markvissri vinnu á námskeiðum með ungu fólki sem er ekki í virkni. Samvinna við fagaðila, opinberar stofnanir, starfsaðila á almennum og opinberum markaði sem og tenging við önnur svið borgarinnar styrkir starf með þessum hópi ungs fólks. Lögð er áhersla á þróunarverkefni til að geta brugðist við breyttum veruleika ungs fólks án atvinnu.

Þróun fjölr menningarlegra verkefna þar sem ungt fólk er hvatt til athafna er nauðsynleg til að geta brugðist við síbreytilegu umhverfi og þjóðfélagslegum aðstæðum hverju sinni til að mynda í málefnum ungs fólks með erlendan bakgrunn.

Umsjón, miðlun og ráðgjöf sumarstarfa til íþrótt- og æskulýðsfélaga í Reykjavík.

Mikilvægt er að veita ungu fólki með fötlun tækifæri á að kynnast fjölbreyttum störfum á hinum almenna vinnumarkaði og hinn almenni vinnumarkaður kynnist þeim sem framtíðar starfskrafti.

Vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði

Búa yfir nýjustu upplýsingum um málefni ungs fólks og halda úti forvarnafræðslu byggða á þeim upplýsingum þar sem hugmyndafræðin er sú að ungur fræðir ungan á jafningjagrundvelli. Efla og styrkja ungt fólk til fræðslustarfa og vinnu með öðru ungu fólki og efla á þann hátt óformlegt nám þess. Skapa vettvang fyrir félagslega einangruð ungmenni þar sem áhersla er lögð á að skapa jákvætt umhverfi fyrir afþreyingu og skemmtun og til að efla tengslanet þátttakenda. Þjóða upp á námskeið sem styrkja og efla jákvæða sjálfsmynd ungs fólks og stuðla að heilbrigðum lífsstíl þess.

Skapa vettvang þar sem ungt fólk með fötlun hittist og fær tækifæri til þátttöku í öflugri frítímastarfi á jafningjagrundvelli og upplifi öryggi og vellíðan. Veita faglega þjónustu og stuðning í frítímastarfi fatlaðra. Leggja áherslu á að byggja á þeirri færni sem fatlaði einstaklingurinn býr yfir og leyfa hverjum og einum að prófa sig áfram.

Samstarfsaðilar

Samstarfsaðilar Hins hússins eru fjölmargir og má sem dæmi nefna: Vinnumálastofnun, Íþrótt-og æskulýðsfélög, Listaháskólinn, tónlistarskóla, dansskóla, Borgarleikhúsið, Hörpu, Tjarnarbíó, Framhaldsskóla (nemendafélög, námsráðgjafa, tómstundafulltrúa), Samfés, Samband íslenskra framhaldsskólanema (SÍF), Landssamband ungmennafélaga (LUF), List án landamæra, Þroskahjálp, Fjölsmiðjuna, starfsstaði á vegum Reykjavíkurborgar s.s. félagsmiðstöðvar SFS, Miðstöðvar VEL, Vinnuskólinn, starfsstaði MÍR, starfsstaði á almenna vinnumarkaðinum og önnur sveitarfélög.

Innra starf – Deildir

Upplýsingamiðstöð

Upplýsingamiðstöðin er móttaka Hins hússins og veitir upplýsingar um starfsemina, sér um útleigu á rýmum, kynningarmál, móttöku hópa o.fl. Áttavittinn er upplýsingavefur þar sem hægt er að finna góðar og áreiðanlegar upplýsingar sem tengjast ýmsum sviðum s.s. heilsu, húsnæðismálum, námi, samböndum og kynlífi. Hægt er að senda inn nafnlausar spurningar um ýmis málefni og fá svör frá ráðgjafateymi. Í Hinu húsinu eru haldin ýmis námskeið fyrir ungt fólk s.s. kvikmyndanámskeið og hljóðvinnslunámskeið.

Opið er frá kl. 09.00 – 22.00 alla virka daga og um helgar geta hópar fengið aðstöðu í lengri eða skemmri tíma í samráði við Upplýsingamiðstöðina. Á kvöldin er bæði opið kvöldstarf þar sem gestir og gangandi geta nýtt sér aðstöðu eins og stúdíóið eða tekið þátt á skipulagðri starfsemi s.s. matarsmakki, spilakvöldum sbr. Dungeons & dragons, bíókvöldum, hinsegin kvöldum eða bara spilað tölvuleiki, farið í borðtennis, billjard eða pílu eða bara haft það notalegt í fjölmörgu sófarýmum hússins.

Menningardeild

Að skapa er að finna upp, gera tilraunir, vaxa, brjóta reglur, gera mistök og skemmta sér. Þessi skilgreining á vel við það menningarstarf sem fram fer á vegum deildarinnar. Leiðarljós hennar er að endurspegla menningu ungs fólks og veita því aðstöðu og aðstoð við að koma verkefnum á sviði lista til framkvæmdar. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám og að verkefnin séu uppbyggjandi og fræðandi fyrir unga fólkið, leiðandi á sínu sviði og móti farveg til framtíðar fyrir ungt fólk til lýðræðislegrar þátttöku og áhrifa í samfélaginu á sviði menningar og lista.

Helstu verkefni deildarinnar eru: Umsjón með gallerí Hins hússins þar sem ungt fólk öðlast lærdóm í því að setja upp listsýningu. Músíktílaunir sem er tónlistarkeppni fyrir 13-25 ára. Unglist – Listahátíð ungs fólks þar sem ungt fólk stígur á stökk og ungt fólk er í hlutverki viðburðastjórnandans. Samvinna er við helstu menntastofnanir í listum. Götuleikhús sem starfar í 8 vikur yfir sumartímann og sýnir eigin sköpun á götum og torgum borgarinnar. Leikstjóri stýrir hópnum og búningahönnuður vinnur með hópnum. Listhópar sem starfa einnig í 8 vikur yfir sumartímann og sýna eigin listsköpun víðs vegar um miðborgina. Stage Europe Network er erlent samstarfsverkefni átta þátttökuríkja þar sem árlega er haldin vinnustofa með ungum tónlistarmönnum sem endar með tónleikum. Deildin sér einnig um að aðstoða ungt fólk sem kemur með sínar eigin hugmyndir.

Frítímastarf fatlaðra

Frítímastarf fatlaðra er lögbundin þjónusta skv. 16. gr. í lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Frítímastarfið er fyrir ungmenni 16-20 ára sem stunda nám á starfsbrautum framhaldsskóla og eru með lögheimili í Reykjavík. Markmiðið er að þau kynnist tómstundastarfi sem í boði er fyrir þeirra aldur og hafi samastað til að sameinast eftir að skóla. Starfið fer fram alla virka daga frá kl. 13.00 – 17.00 og frá kl. 09.00 – 17.00 þá daga sem skólar eru lokaðir t.d. vegna frídaga í kringum jól, páska og vetrarfrí. Á sumrin geta ungmennin tekið þátt í skipulögðu sumarstarfi í 10 vikur og af þeim vinna þau í 5 vikur hálfan daginn á móti frítímastarfi þar sem þau kynnast fjölbreyttum störfum á hinum almenna vinnumarkaði og um leið kynnast þeir sem vinna á þeim vinnumarkaði fötluðu ungmennum. Á fimmtudagskvöldum er opið hús fyrir aldurshópin 16-30 ára þar sem dagskrá er skipulögð af nefnd sem kosin er ár hvert ásamt frístundaleiðbeinendum.

Meginmarkmið starfsins er að stuðla að virkni og félagslegri þátttöku ungmenna í frístundum. Í starfinu er nærumhverfið notað til að þjálfa ungmennin í sjálfstæði, félagsfærni og samskiptafærni. Starfsemin byggir á einstaklingsmiðaðri þjónustu þar sem reynt er að vinna með styrkleika hvers og eins og ávallt er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir og áhuga ungmennanna. Í Hinu húsinu gefst ungmennunum tækifæri á að hitta vini sína og vera í félagslegum samskiptum við jafnaldra og taka þátt í frístundum sem þau að mestu skipuleggja sjálf með aðstoð starfsmanna sem upp til hópa er ungt fólk og stjórnenda sem eru með menntun og reynslu.

Áhersla er lögð á að skapa vettvang þar sem ungt fólk hittist og fær tækifæri til þátttöku í öflugum frístundastarfi á jafningjagrundvelli og upplifi öryggi og vellíðan. Leitast er eftir að stuðla að virkni og þátttöku einstaklinga í sínum eigin frítíma og styðja við jákvæða sjálfsmynd. Ungmennin fá að kynnast hinum ýmsu tómstundum sem hægt er að stunda eftir að skóla lýkur. Vinnan eins og hún er unnin í dag á margt skylt við hugmyndafræði um þjónandi leiðsögn (e. gentle teaching).

Ungmennin sem sækja starfið eyða meiri tíma í frítímastarfinu en í skólanum á ársgrundvelli. Framfarir þeirra felast í meira sjálfstæði og sjálfsöryggi, betri samskiptum við fólk, meiri virkni, nýrri færni til taka þátt í afþreyingu sem þau hafa ekki gert áður, stækkun tengslanets og fjölgun vina, svo eitthvað sé nefnt. Þessi félagslegi þroski er afar mikilvægur ungu fólki með fatlanir.

Frítímastarfið nýtir tvö aðalrými í húsinu, R9 þar sem aðgengi og aðstæður fyrir hjólastóla eru betri m.a. með brautum og lyftum fyrir fjöl fatlaða á salernum og meira rými þar sem þessir einstaklingar þurfa almennt meira pláss. Mörg ungmenni eru einnig viðkvæm fyrir hávaða, ýmsum hljóðum og lýsingu og þurfa að geta verið þar sem er ró og næði. Á efri hæð R7 er meiri félagsmiðstöðvarandi þar sem ungmennin spila tónlist, spil, Playstation o.fl. Mikill samgangur er þó á milli þessara svæða og sækja ungmennin á R7 stundum yfir á R9 í rólegheitin og öfugt.

Staðsetning Hins Hússins er miðsvæðis og því stuttar vegalengdir frá framhaldskólunum. Aðgengi akstursþjónustubíla er gott, ungmennin eru fá í hverjum bíl og er raðað niður á bíla eftir því hvert þau eru að fara. Ungmennin eyða því ekki miklum tíma í akstursþjónustubílum. Búið er að rampa upp alla innganga hússins í áttakinu “römpum upp Ísland”.

Fjölbreytt samstarf og samskipti eiga sér stað utan og innan veggja hússins m.a. við forsjáraðila, skóla, skammtímadvalir, íbúðakjarna, akstursþjónustu og þjónustumiðstöðvar. Reglulegir teymisfundir eru haldnir þar sem farið er yfir einstaklings og þjónustuáætlanir og markmið ungmenna. Reglulega koma háskólanemar í vettvangsnám, m.a. úr tómstunda og félagsmálafræði, þroskaþjálfrafræði og úr diplómanámi HÍ fyrir fólk með þroska skerðingar. Undanfarin 10 ár hafa tveir starfsmenn frá Atvinnu með stuðningi starfað í frítímastarfinu sem leiðbeinendur. Reglulega hittast stjórnendur úr frítímaúrræði nágrannasveitafélagann í spjalli.

Hitt húsið er með fjölbreytta starfsemi fyrir öll ungmenni í Reykjavík og margt ungt fólk sem nýtir sér þessa aðstöðu allt árið um kring. Fjölbreytileiki og inngilding er í fyrirrúmi þar sem samspil milli

fatlaðra og ófatlaðra á sér stað og er mikilvægt að fötluð ungmenni upplifi að þau tilheyri þessum hópi ungmenna, en séu ekki hluti af stofnun sem er eingöngu ætluð fötluðum.

Hitt húsið á sæti í stjórn Listar án Landamæra sem er listahátíð fyrir fólk með fötlun og er eini vettvangurinn á Íslandi sem leggur alfarið áherslu á listsköpun fatlaðs listafólks og hefur skapað sér sérstöðu innan menningarlífsins á Íslandi.

Hitt húsið tekur einnig þátt í alþjóðlegu samstarfi m.a. ungmennaskiptum í samstarfi við aðrar stofnanir erlendis þar sem ungmenni með og án fötlunar gefst kostur á að kynnst öðrum ungmennum og menningu annarra landa.

Skólaárið 2023-2024 eru þátttakendur 44 og af þeim þurfa 31 ungmenni einn starfsmann með sér. Önnur geta verið í hóp með 2-3 ungmennum og einum starfsmanni. Samanlagt geta verið á bilinu 75-78 manns sem tengjast eingöngu frítímastarfinu í húsi á sama tíma.

Atvinnumál og forvarnir

Deildin sinnir m.a. ýmsum verkefnum sem snúa að forvörnum eins og Jafningjafræðslunni þar sem markmiðið er að ungur fræðir ungan um málefni sem brenna á unga fólkinu hverju sinni. Eftir ráðningu í gegnum ákveðið umsóknarferli byrja fræðararnir á 3ja vikna námskeiði þar sem þeir fá fræðslu frá fagaðilum í hinum ýmsum málefnum er tengjast forvörnum. (Sjá dagskrá undirbúningsnámskeiðs sumarsins 2023 í fylgiskjali nr. 3 og lokaskýrslu millistjórnanda JF fyrir sumarið 2023 í fylgiskjali nr. 4). Á sumrin fræða Jafningjafræðararnir ungmenni í Vinnuskóla Reykjavíkur og á einstaka stöðum úti á landi. Á veturna fara Jafningjafræðararnir í lífsleiknitíma hjá framhaldsskólum. Jafningjaráð hittist reglulega til skrafs og ráðagerða.

Vinfús er hópur á vegum deildarinnar þar sem ungt fólk sem m.a. býr við félagslega einangrun hittist vikulega með tveimur hópstjórum.

Hlutverk deildarinnar er jafnframt að styrkja stöðu ungs fólks í Reykjavík á vinnumarkaði með atvinnuráðgjöf og virkniúrræðum í formi námskeiða og í samstarfi við fyrirtæki og stofnanir. (Sjá dagskrá á virkninámskeiðsins Vítamín í október 2023 í fylgiskjali nr. 5)

Atvinnuráðgjöf Hins Hússins miðar að því að styðja við atvinnuleit hjá ungu fólki á aldrinum 16 -25 ára. Flestir sem sækja ráðgjöfina vilja aðstoð með ferilskrá og hvernig megi betrubæta ferilskrána, en einnig verið að skoða atvinnuauðgýsingar og sækja um störf. Ef ungmenni koma í fleiri en eitt skipti miðast ráðgjöfin við að veita einstaklingsmiðaðan stuðning í að móta næstu skref til framtíðar, setja sér markmið í samræmi við framtíðarsýn og viðhalda hvatanum í að ná þeim markmiðum. Árið 2023 komu 110 einstaklingar í ráðgjöf, þar af voru 49% ungt fólk af erlendum uppruna. Árið 2022 komu 85 einstaklingar í ráðgjöf, þar af voru 35% af erlendum uppruna.

Virkninámskeiðið Vítamín hefur verið í boði í Hinu húsinu frá árinu 2009 í samvinnu við Vinnumálastofnun. Bæði hefur verið boðið uppá námskeiðið með og án starfsþjálfunar. Námskeiðið er byggt á hugmyndafræði reynslumiðaðs náms sem og nálgun jákvæðrar sálfræði. Rík áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd og ná upp félagslegri virkni ásamt því tengja þau við atvinnulífið. Boðið hefur verið upp á námskeið á ensku fyrir ungt fólk af erlendum uppruna. Þátttakendur sem koma í gegnum Vinnumálastofnun eru ekki komnir á fjárhagsaðstoð. Umhverfið í Hinu húsinu hefur skipt miklu máli í vel gengi þessa úrræðis og hafa mörg þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðið náð að tengjast Húsinu og nýtt þau tækifæri sem bjóðast til félagslegrar virkni þar.

Deildin sér einnig um að styðja ungt fólk í að sækja um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg eða á almenna vinnumarkaðinum. Umsýsla sumarstarfa fyrir 16 –25 ára til íþrótta- og æskulýðsfélaga í Reykjavík er verkefni sem deild atvinnumála og forvarna ber einnig ábyrgð á.

Á vorönn ár hvert er boðið uppá örnámskeið fyrir ungt fólk í leit að sumarstarfi og er það sérstaklega miðað að ungu fólki á aldrinum 16 –19 ára (framhaldsskólaaldurinn). Námskeiðið fer fram bæði á íslensku og ensku.

Deildin sinnir einnig ýmsum samstarfs- og þróunarverkefnum er varðar forvarnir og virkni. Dæmi um slík verkefni eru t.d. þróunarverkefni sem miðar að því að kortleggja stöðu ungs fólks (NEET) með erlendan uppruna hvað virkni varðar og þróa vinnusmiðjur til að styðja þau aftur í virkni. Þetta verkefni fékk styrk frá Nordplus og er unnið í samvinnu við samstarfsaðilum frá Helsinki og Malmö. Sjá fylgiskjal nr. 1 - skýrsla verkefnisins Diverse strengths.

Námskeið sem ber heitið „Styrkur og vellíðan“ og var styrkt af Lýðheilsusjóði miðar að því að styrkja sjálfsmynd ungs fólks og efla félagslega virkni í gegnum hópastarf og hreyfingu.

Meginefni kynninga – umræðna

1.fundur 9.03.23

Efni: Starfsemi Hins Hússins

Kynningar: Ragnheiður Árnadóttir aðstoðarforstöðumaður, Ása Hauksdóttir deildarstjóri Menningardeildar, Ásta Sóley Haraldsdóttir deildarstjóri frítímastarfs fatlaðra, Breki Bjarnason atvinnuráðgjafi í deild Atvinnumála og forvarna, Hreiðar Már Árnason deildarstjóri Upplýsingamiðstöðvar

Rekstur

Stofnað: árið 1991

Gildi: Fjölbreytileiki

Tilgangur: efla – virkja – styrkja

Markmið:

- Veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd
- Endurspegla menningu ungs fólks
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði
- Vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði

Deildir:

- Stjórnun
- Tæknideild
- Menningardeild
- Upplýsingamiðstöð
- Atvinnumál og forvarnir
- Frítímastarf fatlaðra

Fjárhagur og skipting fjárveitinga

Fjárhagsáætlun 2023:

Stjórnun, rekstur húsnæðis, menningardeild, upplýsingamiðstöð, atvinnumál og forvarnir, tæknimál –
Samtals: 266.192.842 kr.

Frítímastarf fatlaðra (vetrarástarf, sumarstarf, kvöldstarf) –

Samtals: 322.576.588 kr.

Fjöldi starfsmanna í febrúar 2024:

56 starfsmenn í 35 stöðugildum og tímavinnu. Þar af 18 starfsmenn í 100% starfshlutfalli, 38 frístundaleiðbeinendur/frístundaráðgjafar í 30-75% starfshlutfalli.

Í febrúar 2024 voru 43 ungmenni í frítímastarfi fatlaðra þar af 30 með meiri þjónustubörf (þurfa 1 starfsmann með sér – í einstaka tilvikum 2 starfsmenn). Mikil umönnun.

Fjöldi pláss í frítímastarfi fatlaðra:– Eitt pláss þýðir þjónusta 5 virka daga – fleiri en eitt ungmenni geta skipt með sér plássum.



Byrjaði sem tilraunaverkefni á vormánuðum 2008.

Fjöldi pláss á haustönn 2008: Reykjavík:4,8 – Nágrannasveitarfélög:4


Frá og með haustönn 2012 voru líka tekin inn ungmennti með meiri þjónustuþyngd að beiðni Velferðarsviðs.

Frá og með haustönn 2022 voru ekki tekin inn ungmennti frá nágrannasveitarfélögum vegna fyrirhugaðrar fjölgunar ungmenna með lögheimili í Reykjavík.

Frítímastarfið krefst mikils mannafla sem þýðir hár launakostnaður.



Frá haustönn 2022 var ekki lengur tekið við ungmenntum frá nágrannasveitarfélögum



Eitt pláss = 5 virkir dagar í hverri viku

Húsnæði – Aðstaða – Tæki

Fyrri eigendur

400 m.kr. í endurbætur í formi nýrra innréttinga, gólfefna, ljósakerfis, loftræstikerfis, brunavarna, öryggismyndavélakerfis og öryggiskerfis.

Núverandi eigendur

25 m.kr. í viðgerðir á ytra byrði húsnæðisins

Lagfæring á snjóbræðslukerfi

Uppsetning á skábraut á 2. hæð R7

Ýmsar aðrar viðhaldsframkvæmdir

Hitt húsið

- Frekari kostnaður við öryggiskerfi með sérstökum aðgangsstýringum – takkalásar á hurðir
- Hleðslustöðvar fyrir 4 rafmagnsbíla
- Sérstakar merkingar fyrir bílastæði fatlaðra
- Uppsetning á tenglum vegna tónleikahalds
- Uppsetning veggja vegna Gallerís
- Sérsmíði á færanlegum skilrúmum
- Sérsniðnar gardínur fyrir glugga m.a. myrkvunartjöld fyrir sali
- Viðbætur við eldhúsinnréttingu á R7
- Ný eldhúsinnrétting á R9
- Uppsetning á stúdíói
- Innkaup á húsgögnum í hvert rými
- Skjávarpi, sviðspallar, myrkvunartjöld í Norðursal
- Uppsetning á kvikmyndaherbergi
- Málun á rýmum
- Uppsetning á smíðaverkstæði í porti
- Útgáfa á kynningarefni vegna nýrrar staðsetningar
- Merkingar utan á húsinu
- Tækjabúnaður fyrir rafíþróttir

Gildi og menning

- Fjölbreytilegt og opið – ólíkir snertifletir við ungt fólk
- „Spontant“ og síbreytilegt
- Byggt á traustum grunni
- Þekking og reynsla
- Fagmennska
- Góður andi – Skemmtilegt
- Mikill mannauður
- Mikilvæg starfsemi fyrir ungt fólk

Upplýsingamiðstöð

Helstu verkefni

- Aðstaða fyrir ungt fólk
- Stúdíó og æfingaaðstaða
- Áttavitinn (Upplýsingavefur fyrir ungt fólk)
- Ráðgjöf Áttavítans
- Opið hús – kvöldopnun
- Starf fyrir 16-18 ára
- Rafíþróttir
- Ýmis námskeið

Útleiga á rýmum

- Norðursalur
- Miðsalur
- Gallerí
- Fundarherbergi
- Stúdíó
- Salur á annarri hæð

Opnunartímar

- Vetrartími: Alla daga frá kl. 09:00 – 22:00
- Sumartími: Alla daga frá kl. 08:00/09:00 – tvö kvöld í viku til kl. 22:00
- Helgar: Ungmennni með notendasamning og virkt aðgangskort geta fengið afnot af húsinu að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Atvinnumál og forvarnir

Atvinnumál

- Meginmarkmið: að styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði
- Ókeypis atvinnuráðgjöf fyrir ungmenni (16-25 ára)
- Yfirsýn yfir upplýsingar um atvinnumál ungs fólks og gera þær aðgengilegar fyrir markhópa
- Miðlun sumarstarfa (17-25 ára) til íþrótta- og æskulýðsfélaga
- Námskeið sem styrkir stöðu ungs fólks á vinnumarkaði
- Nordplus verkefni: „Diverse strengts“

Forvarnir

- Jafningjafræðslan
- Vinfús - sértækt hópastarf fyrir félagslega einangruð ungmenni
- Erasmus + samfélagsverkefni Jafningjaráðsins
- Jafningjafræðsla fyrir ungt fólk af erlendum uppruna um félagslega virkni, "hvað er hægt að gera sem ungmenni í Reykjavík".

Virkniræði (Vítamín)

- Námskeið fyrir ungt fólk án atvinnu á aldrinum 18–29 ára
Markmið námskeiðsins er að styrkja og virkja þátttakendur og aðstoða þá við að finna út hvað þeir vilja gera í nánustu framtíð og hvernig þeir geta framkvæmt það.
- Hófst í árið 2009 í samvinnu við Vinnumálastofnun
- Hátt í þúsund ungmenni hafa sótt námskeiðin
- Skiptist í 4 vikna undirbúningsnámskeið og 4 vikna starfsþjálfun
- Áhersla lögð á: skapandi hugsun, vinnustaðareynslu, virka atvinnuleit, jóga, hópefli, sjálfspekingu, ferilskrá, hugarfar, styrkleika, vellíðan, samvinnu, heilbriggt líferni, tækifæri á vinnumarkaði, atvinnuviðtalið og hvernig er hægt að koma hugmynd í framkvæmd

Undirbúningur starfsþjálfunar:

- Kynnast þátttakendum
- Gera ferilskrá/uppfæra
- Skoða áhugasvið þátttakenda og framtíðarsýn
- Skoða tækifæri á vinnumarkaði með þeirra framtíðarsýn í huga
- Fyrirtækjalisti
- Væntingastjórnun og raunhæfni

Innra mat

- Er námskeiðið að skila viðunandi árangri?
- Innra mat var framkvæmt árin 2014, 2018 og 2021
- Markmiðið var að:
kanna afdrif þeirra ungmenna sem luku námskeiðunum
kanna viðhorf þeirra til þjónustunnar

Niðurstöður

- Vítamín – hver er staða þín í dag?
- 71,4% af þeim sem svöruðu spurningalistunum eru í virkni í dag.
- 57,1% af þeim sem luku Vítamíni voru ráðnir áfram á þeim vinnustað þar sem starfsþjálfunin fór fram til lengri eða skemmri tíma.
- Háskólavítamín – hver er staða þín í dag?
- 93,1% af þeim sem svöruðu spurningalistunum eru í virkni í dag.
- 51,8% af þeim sem luku Háskólavítamíni voru ráðnir áfram á þeim vinnustað þar sem starfsþjálfunin fór fram til lengri eða skemmri tíma

2.fundur 23.03.23

Efni: Húsnæðismál Hins hússins

Kynning: Markús H. Guðmundsson forstöðumaður Hins hússins

Niðurstöður SVÓT greiningar stjórnendateymis Hins hússins – unnin í júní 2022.

Hafa ber í huga að margt hefur breyst síðan greiningin var unnin m.a. aðstaða bætt og aðgengi hlaupahjóla (Hopp).

Styrkleikar

Húsnæðið sjálft

- Heilsusamlegt
- Flott hönnun
- Engin mygla (nýtt hús)
- Kyrrð (botnlangi)
- Næði og ró gott til að koma og vinna að verkefnum (þjónustuþegar)
- Einangrað (lítil truflun frá annarri starfsemi)
- Hljóðvist
- Frábær rými
- Stór salur
- Stór fjölnota salur
- Húsnæðið er stórt, opið og bjart
- Opin rými og lokuð
- Mikill sveigjanleiki í rýmum (hægt að færa til R7-R9)
- Blöndun, flæði, opin rými
- Tæknimál (læsingar, myndavélar)
- Tæknivætt og bíður upp á margar útfærslur (aðgangsstýring og tæknimál)

Það sem við erum búin að gera...

- Búin að gera húsið að okkar (kosta mjög miklu til)
- Við erum ein heild og meiri samskipti (ekki lagskipt)
- Sveigjanleiki (komumst t.d. upp með að byggja smiðju)
- Sýnileiki verkefna (yfirsýn)
- Starfsemin sýnileg
- Nálægð verkefna
- Samstarf við Orkuveituna

Útisvæðið

- Gott útisvæði sem nýtist vel
- Náttúran – útisvæði (auknir möguleikar)
- Náttúran (ytra umhverfi)

Viðskiptavinir

- Góð aðstaða fyrir tónlistarsköpun
- Ungu fólkið ánægt

Aðgengi

- Næg bílastæði (x4)
- Hleðslustöðvar
- Góð aðkoma fyrir akandi
- Gott aðgengi fyrir hjól
- Verður stutt í borgarlínu
- Aðgengi bíla (ferðaþjónusta)
- Göngu- og hjólastígar

Fatlaðir viðskiptavinir

- Gott aðgengi fyrir fatlaða
- Góð aðstaða fyrir salerni fyrir fatlaða

- Gott aðgengi fyrir fatlaða innanhúss (x2)
- Skemmtileg blöndun fatlaðra og ófatlaðra

Staðsetning

- Staðsetning og umhverfi
- Miðsvæðis í borginni
- Staðsetning miðsvæðis
- Fallegt umhverfi
- Umhverfið (x2)
- Svæðið er spennandi og mörg tækifæri/verkefni sem eru á döfinni í dalnum

Veikleikar

Samgöngur

- Langt í strætó
- Aðgengi að húsinu er slæmt (Hopp/strætó)
- Lélegar almenningssamgöngur
- Strætó
- Strætósamgöngur
- Strætó mætti keyra inn Rafstöðvarveginn

Fjarlægð frá „miðbæ“

- Langt frá „the cultural hub“ þ.e. öðrum lista- og menningarstofnunum
- Vantar aðstöðu fyrir götuleikhús
- Götuleikhúsið á götunni
- Skortur á nærþjónustu

Óöryggi

- Húsnæðisóöryggi
- Erfitt að horfa/plana langt fram í tímann
- Húsnæðið er sprungið

Húsnæðið

- Of opið (erfitt að halda utan um gesti á opnum viðburðum, þarf meiri gæslu)
- Hljóðvist milli rýma
- Slæm hljóðvist – of opið
- Loftgæði í sumum rýmum hússins
- Læsingar og öryggismál
- Hrókeringar á skrifstofum, höfum ekki komið öllum vinnustöðvum fyrir
- Vantar rými fyrir grófa vinnu (að vísu komin lítil smíðja)
- Blöndun verkefna (ólíkar þarfir varðandi aðstöðu)
- Rýmin krefjast aðlögunar verkefna
- Stofnanalegt
- Gamla upplýsingamiðstöðin
- Vantar kennslustofur
- Æfingaaðstaða fyrir hljómsveitir

Tækifæri

Stefna

- Skýr sýn og stefna

- Öryggi og framtíðarsýn
- Evrópustyrkir
- Viðræðugóðir leigusalar

Markaðssetning

- Kynna starfsemina fyrir pólitíkusum og nýjum væntanlegum yfirmönnum
- Kynning – auglýsa
- Þróun/mótun upplýsingamiðstöðvarinnar
- Þróa/forma innra starf – samtal fatlaðra og ófatlaðra (rými og opnunartími)
- Innri og ytri markaðssetning
- Kynna starfssemina betur fyrir SFS/VEL/ÞOR
- Borgarpólitíkin, sameining sviða og að menningu ungs fólks verði veitt meiri athygli (fagmennska)
- Sækja á pólitíkina, vera hávær um okkar starf, verkefni og sérþekkingu

Samstarf

- Formleg samstarfsverkefni
- Vera með pop-up staði – samstarf
- Vettvangur ungra frumkvöðla morgundagsins

Náttúran og umhverfið

- Nýta náttúruna betur (úrræði og þjónusta)
- Nýta umhverfið til útivistar, hafa útivist meiri þátt í okkar starfi (ungt fólk í útivist)
- Nota umhverfið betur
- Öflugt útisvæði (fastmóta, dregur að ungmenni)
- Nýting á útisvæði
- Nýta umhverfið fyrir verkefni

Orkuveitan

- Samstarf við Orkuveituna
- Orkuveitan, þar eru peningar og vilji
- Orkuveitan (aðstaða og samstarf)

Sókn

- Byggja við!
- Nýbygging (stúdíó, æfingaraðstaða og allskonar)
- Viðbygging, að fjölga rýmum og auka tækifæri
- Byggja fleiri svona kofa (hljómsveitir og gróf vinna)
- Að gera húsið að okkar
- Húsnæðismál (nýbygging)
- Kjallarinn
- Aðgangsstýring á húsinu
- Þróun á smíðjunni út í porti
- Drónaæfingasvæði

Samgöngur

- Deilibílar og leiguhjól (rafskútur)
- Samgöngur (strætó um dalinn)
- Borgarlína (tilkoma hennar)

Samstarf

- Samstarf við hverfin allt í kring
- Íbúðarkjarnar að nálgast okkur
- Stór íbúabyggð fyrirhuguð (Ártúnsholtið, Vogabyggð og svæðið fyrir ofan Sorpu)
- Önnur uppbygging í dalnum og nálægum hverfum
- Lóðin við hliðin (íbúar og við)

- Toppstöðin? x2
- Rafstöðvarhúsið (jafninga o.s.frv.)
- Uppbygging borgarinnar í Elliðaárdalnum, spennandi þróun

3.fundur 30.03.23

Efni: Drög að stefnumótun Hins hússins (sjá fylgiskjal nr. 6)

Kynning: Ragnheiður Árnadóttir aðstoðarforstöðumaður Hins hússins, Markús H. Guðmundsson forstöðumaður Hins hússins

Starfsemin og andrúmsloft einkennist að mati stjórnenda af fjölbreytileika, vinsemd, víðsýni og virðingu þar sem allir eru velkomnir óháð kyni, fötlun eða uppruna.

Til þess að sem best megi aðstoða ungt fólk og vinna með fjölbreyttan hóp ungs fólks er mikilvægt að í Hinu húsinu starfi hópur starfsmanna með ólíkan bakgrunn, reynslu, menntun og áhugamál.

Áhersla er lögð á að starfsmenn hafi metnað í starfi og þá ástríðu til að bera að hafa gaman að því að vinna með ungu fólki og fyrir ungt fólk. Áhersla er lögð á teymisvinnu, en deildir halda utan um sérhæfingu í sínum málaflokkum.

Leitast skal við að fjárhagsáætlun standist og að fjármagn sé nýtt með ábyrgum hætti. Eftir því sem tók eru á skal kappkostað að afla styrkja til starfseminnar með því vera í samstarfi og nýta sér sjóði til ýmissa samstarfsverkefna við innlenda sem og erlenda aðila.

Hitt húsið hefur innleitt Græn skref í starfsemi sína og er komið með Regnbogavottun.

Stefna Hins hússins byggir fyrst og fremst á viðamikilli þekkingu, samtali og langri reynslu á vinnu með ungu fólki á aldrinum 16-25 ára í frítíma þess. Hún styður jafnframt við stefnumótun og áherslur Reykjavíkurborgar í málefnum ungs fólks 16 ára og eldri.

Hitt húsið er eini starfstaðurinn innan Reykjavíkurborgar sem vinnur eingöngu með frítíma ungs fólks á aldrinum 16-25 ára. Með starfsemi sinni gegnir Hitt húsið mikilvægu forvarnarhlutverki fyrir þennan aldurshóp.

Með því að veita ráðgjöf, upplýsingar og vera í samstarfi við sambærilegar stofnanir í öðrum bæjarfélögum er Hitt húsið leiðandi á sínu sviði.

Vegna fjölbreytileika starfseminnar er aðkoma ungs fólks með afar ólíkum hætti og áhrif þess á starfsemina byggir mikið á því hvernig aðkoma og áhugasvið hvers og eins er. Lögð áhersla á allir hafi frelsi, hver á sínum forsendum, til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og nýta sér aðstöðuna.

Markmið:

- Veita ungu fólki aðstöðu og aðstoð við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd
- Endurspegla menningu ungs fólks
- Veita upplýsingar og ráðgjöf
- Styrkja stöðu ungs fólks á vinnumarkaði
- Vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði

4.fundur 13.04.23

Efni: Kynning á 16+ vinnu í Breiðholtinu-Suðurmiðstöð, Samstarf Hins hússins við Vinnumálastofnun og verkefni atvinnumála – og forvarna, kynning á Jafningjafræðslu Hins hússins.

Kynningar: Hlynur Einarsson frá Miðbergi SFS, Elísabet Pétursdóttir deildarstjóri atvinnumála og forvarna í Hinu húsinu, Nóam Óli Stefánsson Jafningjafræðari

Kynning 16+ (Hlynur)

Hlutfall barna af erlendum uppruna hefur hækkað úr 30% í 90% í Fellaskóla og úr 20% í 50% í Hólabrekkuskóla. Mörg börnin eru með fjölpættan vanda. Starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar hefur lengi dreymt um að geta sinnt 16+ börnunum og mörg hver hafa viljað koma í starfið eftir 16 ára og sótt mikið í gamla starfsfólkið. Fengu leyfi fyrir opnun 1 x í viku fyrir þennan hóp frá kl.19.30 – 22.00 á fimmtudögum í Miðbergi.

Tvær íslenskudeildir – 30-40 krakkar á hvorri deild sem hafa verið að mæta þar. Uppistaðan 30-50 krakkar á hverju kvöldi. U.þ.b. 150-160 ungmenni sem hafa nýtt sér þjónustuna frá 20. janúar – er greinilega vöntun – gengur mjög vel.

Börnin fara lítið úr hverfinu, sækja lítið í tómstundir og mjög lítið utan hverfis. Mikilvægt að geta verið með þjónustu í nærumhverfinu í samstarfi við FB þar með talið námsráðgjafa. Sömu starfsmenn sem vinna í félagsmiðstöðvum og á þessum opnunum. Fjölmennasti árgangur er 2004 (19 ára). Var bara auglýst í gegnum Instagram, samfélagsmiðla og kynningar í FB. Ákall frá FB í haust að koma á frekara samstarfi. Hafði miklar áhyggjur af vanvirkni barna í félagsstarfi eftir styttingu og Covid. Aukið brotthvarf barna. Er að ráða í stöðu tómstundafulltrúa í fullt starf. Keyrt á 2 starfsmönnum í húsnæði félagsmiðstöðvar 111 í 7 klst. á viku í 33% álagi. Ódýrt úrræði. Er tilraunaverkefni þetta skólaár. Fjármagn kemur úr Miðbergi. FB er ekki að fjármagna neitt að svo stöddu, en mikill áhugi á að gera það. Mögulega 1 starfsmaður úr FB í samstarfi við borgina. Mjög ódýrt. Börn úr öðrum hverfum og skólum að mæta en langmest úr 111 hverfinu. Krakkar sem voru í Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og FB. Sjá ávinning í að krakkar hafi haldist í námi. Áhersla á áhuga og vilja krakkanna, spjall um lífið og tilveruna. Í samtalinu kemur fram hvernig gengur í skólanum, langflestir koma af heimilum þar sem annað foreldri eða bæði eru af erlendum uppruna.

FB hefur á þessu ári ráðið tómstunda- og félagsmálafræðing og varð þar með þriðji framhaldsskólinn til að ráða tómstunda- og félagsmálafræðing.

Stjórnendur frístundar á skóla – og frístundasviði hafa vaxandi áhyggjur af auknu ofbeldi meðal ungmenna í borginni/höfuðborgarsvæðinu, einkum tilteknum hverfum. Hittast 1 x í mánuði milli sveitarfélaga, mest verið í Rvk. og Kópavogi. Þurfum meiri samfélagslega virkni í öllum hverfum. Sjáum ljótara ofbeldi og grimmara. Menn spyrja sig hvort farsældarlögin séu að virka sem skyldi, 1., 2., og 3ja stigs þjónusta – kerfið virkar á fyrstu þrepum en ekki eftir 16 ára.

Hægt að horfa til Kaupmannahafnar og Malmö með fyrirmyndir. Er á teikniborðinu að hópur úr Suðurmiðstöð fari til Malmö ásamt lögreglu að skoða aðstæður þar. Eru sérstaklega að skoða hópinn sem er hvorki í vinnu né námi – virknitilboð. Skoða hvað hefur virkað vel í samstarfi ríkis og borgar.

Atvinnuleysi ungs fólks (Elísabet)

Atvinnumálin hafa verið hluti af starfsemi Hins hússins frá upphafi, en hafa þróast og breyst í gegnum árin.

Atvinnuleysi ungs fólks er samfélagsvandi sem samfélagið verður að leysa ef árangur á að nást. Samstarf stofnana sem sinna ungu fólki og atvinnumálum þeirra er því nauðsynlegt. Áhrif atvinnuleysis á fólk eru mjög neikvæð hvort sem um er að ræða fullorðið fólk eða ungmenni. Meginmunurinn virðist þó vera sá að atvinnuleysi ungmenna hefur áhrif mun lengur inn í framtíð þeirra og eru neikvæð áhrif þess óháð því hvort viðkomandi er kominn í vinnu eða ekki.

Málaflokkurinn 16+ er að mestu leyti þjónustaður af ríkinu og mikilvægt að gott samstarf sé milli ríkis og sveitarfélaga til að árangur náist í þessum málaflokki. Við sem samfélag höfum því miður ekki verið að ná að halda nógu vel utan um þá sem hverfa frá framhaldsskólanámi og er það að hluta til vegna þess hversu tvístraður þessi málaflokkur er. Þar sem engir aðrir aðilar innan borgarinnar hafa lagt áherslu á atvinnumál ungs fólks er aðkoma Hins hússins að málaflokknum sérlega mikilvæg. Virknihús Velferðarsviðs er með meiri fókusi á eldri hópa heldur en Hitt húsið.

Erfitt er að ná til þess hóps sem hverfur frá námi og oft er hann ekki að skila sér inn í kerfin fyrir en í óefni er komið. Það ætti því að vera forgangsmál að ná til þess hóps með forvarnir í huga og ná upp samfélagslegri virkni, því mikilvægt er að þetta unga fólk finni sinn tilgang í samfélaginu.

Fjárhagsaðstoðarhópur og örorkuhópur eru að stækka. Það þarf að ná betri árangri, meira samtali við ríkið og sveitarfélögin. Samkvæmt áætluðum tölum úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands fyrir fjórða ársfjórðung 2022 voru 380 ungmenni á aldrinum 16-17 ára hvorki í námi né vinnu á landsvísi (NEET – not in employment in education or training).

Samstarf Hins hússins við Vinnumálastofnun

Virkninámskeið: Þegar virkninámskeiðið Vítamín fór af stað eftir hrun leitaði Vinnumálastofnun til borgarinnar eftir samstarfi til að reyna að virkja yngsta hópinn aftur í nám eða til vinnu. Borgin lagði til fjármagn í upphafi og komu ungmennin bæði frá Velferðarsviði og Vinnumálastofnun. Velferðarsvið hætti síðan að leggja til fjárveitingu og Vinnumálastofnun hefur keypt pláss hjá Hinu húsinu undanfarin ár.

Undanfarin 2 ár hafa námskeiðin farið fram á ensku og hafa verið sótt af ungu fólki með erlendan bakgrunn þar sem mikil þörf hefur verið til að styðja við virkni fyrir þann hóp. Þegar atvinnuleysi er í kringum 3% er hópurinn hjá Vinnumálastofnun yfirleitt þungur og því ekki svo ólíkur VEL hópnum.

Námskeiðin eru byggð á hugmyndafræði reynslumiðaðs náms. Lögð er áhersla á að veita þátttakendum vettvang til þess að eflast og þróast, bæði í atvinnuleit sem og í lífinu. Rík áhersla er lögð á að styrkja sjálfsmynd þessara ungmenna og ná upp félagslegri virkni. Helsta hlutverk námskeiðanna er í forvarnarskyni. Þátttakendur þurfa að vera með a.m.k. 80% mætingu á námskeiðinu. Atvinnuráðgjafar Hins hússins aðstoða þau við að fara í starfsþjálfun hjá fyrirtækjum og stofnunum. Kynna ráðningarstyrk til sex mánaða fyrir fyrirtækjum og í kjölfarið koma þau líka í atvinnuráðgjöf. Hitt húsið myndi gjarnan vilja fara niður í aldri, en er bundið við að ungmennin séu komin með bótarétt.

Umhverfið í Hinu húsinu hefur skipt miklu máli í velgengi þessa úrræðis og hafa mörg þeirra ungmenna sem nýtt hafa úrræðið náð að tengjast Húsinu og nýtt þau tækifæri sem bjóðast til félagslegrar virkni þar.

Atvinnuráðgjöf

Atvinnuráðgjöf Hins hússins hefur fest sig í sessi undanfarin ár og er viðvarandi hluti af starfinu, bæði sem einstaklings og hópráðgjöf. Ungt fólk bókar sér tíma í ráðgjöfina í gegnum heimasíðu Hins hússins eða koma í kjölfar ábendingar frá náms- og starfsráðgjafa framhaldsskólanna eða ráðgjöfum hjá Borgarmiðstöðvunum.

Sumarstörf

Hlutverk Hins hússins í þeim efnum hefur m.a. falist í því að styðja ungt fólk í að sækja um sumarstarf hjá Reykjavíkurborg og er það bæði gert í gegnum atvinnuráðgjöf og eins er boðið upp á örnámskeið til að styðja við og styrkja ungt fólk í leit að sumarstarfi. Hvað sumarstörfin varðar hefur deildin tekið saman upplýsingar og bent á mikilvægi þess að Reykjavíkurborg bjóði 17 ára ungmönnum upp á tækifæri til að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði.

Mikið af sumarstörfum þar sem búið er að loka fyrir umsóknir í dag. Yngsti hópurinn telur þetta eins og í Vinnuskólanum. Í nágrannasveitarfélögunum er boðið upp á sumarstörf að 18 ára aldri, en ekki hjá Reykjavíkurborg. Síðustu ár hefur viðbótarfjármagnið komið inn, en stundum ekki fyrr en í lok maí. Þessi hópur þ.a. 17 ára á erfitt með að fá störf. Almenni vinnumarkaðurinn vill ekki ráða 17 ára út frá vinnulöggjöfinni. Sumarstörf borgarinnar eru fyrir 18 ára og eldri. Hitt húsið er að styðja þau í að útbúa ferilskrá og hjálpa þeim að sækja um. Aldurshópurinn 16-17 ára kemur mest í Hitt húsið.

Þróunarverkefni og samstarf

Viðvarandi hluti af starfsemi deildarinnar er að sinna ýmsum samstarfsverkefnum er varðar forvarnir og virkni og hafa starfsmenn verið duglegir að sækja um ýmsa styrki til að efla starfið. Á síðasta ári fékk deildin styrk frá Nordplus áætluninni til þessa að vinna að ásamt samstarfsaðilum frá Helsinki og Malmö þróunarverkefni sem miðar að því að kortleggja stöðu ungs fólks (NEET) með erlendan uppruna hvað virkni varðar og þróa vinnusmiðjur til að styðja þau aftur í virkni.

Deildin hefur einnig fengið styrk frá Lýðheilsusjóði til að geta boðið upp á námskeið sem ber heitið “Styrkur og vellíðan” en það miðar að því að styrkja sjálfsmynd ungs fólks og efla félagslega virkni í gegnum hópastarf og hreyfingu.

Sem dæmi um samstarf innan borgarinnar þá er deildin að fara af stað með samstarf við Vesturmiðstöð varðandi “Velkomin í hverfið” verkefnið.

Jafningjafræðslan (Nóam)

Sextán ungmenni frá Reykjavík og Kópavogi fá 3ja vikna undirbúningsnámskeið um málefni unglinga og forvarnir. Fara í alla 10. bekk í Vinnuskólanum og þá sem eru að fara í 10. bekk. Í stað venjulegrar forvarnarfræðslu er þetta meira á jafningjagrundvelli, opið samtal frekar en hræðsluáróður. Af hverju er það góð hugmynd að drekka ekki? Fræðsla á öllum sviðum og þau leita út fyrir hópinn ef upp koma spurningar sem þau hafa ekki svör við. Frekar hópefli, en formleg fræðsla. Leyfa nafnlausar spurningar sem þau svara með krökkunum. 1.500 krakkar sem voru í fræðslu í sumar – 1 sem vildi ekki vera með. Eru með bráðabirgðaúrræði ef þau þurfa meira t.d. jafningjafræðslu á Instagram. Allir fá smokk í lok fræðslu og miða með helstu stofnunum s.s. Samtökin, Rauða krossinum, Neyðarlínunni o.s.frv. Mega koma eftir fræðslu og ræða við þau. Mikilvæg starfsemi yfir sumartímann, ekki margir að gera eitthvað á sumrin.

Dagskrá undirbúnings námskeiðs Jafningjafræðslunnar (fylgiskjal nr. 3)

Væntingar & markaðssetning (Frímann Sigurðsson)
Hópefli og leikir (Aggi, Sigga Óla, Hlynur)
Sjálfsmyndin (Unnur Gísladóttir)
Framkoma (Kvan)
Samfélagslögregla (Sigrún)
Fræðsla fyrir sumarið (Kóngulóarvefur)
Kynfræðsla (Ástráður, Kolbrún)
Hinsegin fræðsla (Samtökin 78)
Geðfræðsla (Jóhanna Dröfn)
Líkamsvirðing (Bjarklind)
Geðfræðsla og internetið (Eyjólfur)
Barnavernd (Lilja og Matthildur)
Bergið Headspace
Fokkme fokkjú (Kári og Andrea)
Kynjafræði (Unnur Gísladóttir)
Kynþáttafordómar (Mariam Petra)
Barnaheill (Guðrún Helga)
Samfélagsmiðlar (Skúli Bragi Geirdal)
Frú Ragnheiður (Rauði krossinn)
Fræðsla fyrrum fræðara
Teymisvinna
Útskrift

5.fundur 27.04.23

Efni: Kynning á frítímastarfi fatlaðra og skiptingu fjárveitinga.

Kynningar: Elísabet Bjarnadóttir Semey þroskaþjálfari, Gylfi Már Sigurðsson verkefnastjóri í frítímastarfi fatlaðra og Ragnheiður Árnadóttir aðstoðarforstöðumaður Hins hússins

Frítímastarf fatlaðra ungmenna

Faglegt starf

Breiður hópur ungmenna
Ólíkar stuðningsþarfir
Einstaklingsmiðuð þjónusta

Félagslegt mikilvægi

Félagsleg samskipti meðal jafningja
Blöndun ólíkra hópa – fötluð og ófötluð
Kvöldstarf
Alþjóðlegt samstarf

Rými og aðstaða

Gott aðgengi

Fjölbreytt aðstaða og rými
Mikil rýmisþörf

Vinnutengt sumarstarf

Tækifæri til atvinnuþátttöku
Tenging við almennan vinnumarkað
Mikilvæg reynsla

Fjölbreytt samstarf

Samvinna við fjölskyldur, skóla, skammtímadvalir og þjónustumiðstöðvar
Samstarf við ólíkar deildir háskólanna
Atvinna með stuðningi
Frítímaúrræði annarra sveitarfélaga

Starfsmannahópurinn

Fjölbreyttur starfsmannahópur – ungt fólk að vinna með ungu fólki
Viljum vera stolt af því sem við gerum
Eftirsóttur vinnustaður með góðu orðsperi

Lögbundin þjónusta

Verja miklum tíma í Hinu húsinu
Langir dagar í skólafríum
Sumarstarf

Lögbundin þjónusta – byggt er á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018

16. gr. Frístundaþjónusta

Sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur, og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þessi þjónusta tekur við af almennri frístundaþjónustu grunnskóla og henni lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum, eins og mögulegt er. Þessi þjónusta skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

6.fundur 4.05.23

Efni: Ofbeldismenning í samfélaginu

Gestir:

Katrín Hjartardóttir og Aníta Sóley Scheving frá SÍF

Embla María Möller Atladóttir frá Reykjavíkurráði ungmenna,

Böðvar Nielsen Sigurðarson frístundaráðgjafi og Berglind Rún Torfadóttir verkefnastjóri

Jafningjafræðslunnar frá Hinu húsinu.

Að mati stjórnenda frístundar er meiri ólga í öllum hverfum borgarinnar, óæskileg hópamyndun, neysla og vond samskipti á mið- og unglingastigi. Reglulegir fundir eru með nágrannasveitarfélögunum sem segja að gáran komi á endanum til þeirra þó að ólgan sé ekki söm þar núna.

Ofbeldið er ekki afmarkað við kvöld, Breiðholtsmál koma oft upp milli kl. 14.00 og 19.00. Grimmur dómstóll götunnar. Meiri þöggunarmenning í gangi þ.e. segja ekki frá því sem er í gangi, eru smeyk við hefndaraðgerðir.

Eitt verkefni: höfða til þögla áhorfandans sem "lækar" en er óvirkur, fá hann í virkni gegn ofbeldi.

Í fyrrasumar var félagsmiðstöðvafólk líka að stöðva viðburði framhaldsskólanema. Hittingar á FB, foreldrar busanna keyrðu þá upp í einhverja skúra/kofa og þar var jafnvel fyrsta reynsla af áfengisneyslu. Þurfti oft að kalla á lögreglu í fyrri.

Krakkar í Jafningjafræðslu áttu erfiðara með að taka þátt í leikjum. Þora ekki að standa á sínu og taka afstöðu út frá stöðu í hópnum. Er alveg nýtt. Ótti við að vera útskúfuð, þykja asnaleg. Ungu fólkið ekki nógu öruggt með sína sjálfsmynd, ef grunnurinn er ekki sterkur þá er allt hitt í uppnámi, 14-18 ára. Hér er um að ræða nýja neikvæða þróun undanfarin 3 ár.

Skrýtið starfsár hjá SÍF skv. forsvarsmanni., Meiri vinnu þarf að leggja í að fá ungt folk í starfið, mikill ótti við mistök, hræðsla við viðbrögð/afleiðingar. Mikið rótleysi á ungmennum eftir COVID. Nokkrir forsetar nemendafélaganna hafa áhyggjur af starfinu framundan þar sem sterkur árgangur er að fara út. Gæslan með orð á því að áður hafi 2-5 hafi verið ofurölvi, en 20 í vetur.

Þessum aldurshópi var gleymt í COVID að mati fulltrúa SÍF, vantaði alveg forvarnarfræðslu þar sem hún tilheyrir ekki aðalnámskrá. Ákveðinn hópur missti af stórum hluta framhaldsskólagaöngunnar. Þarf miklu meira svigrúm til fræðslu og forvarna.

Vantar meiri áherslu á forvarnir og fræðslu að mati frístundaráðgjafa hjá Hinu húsinu. Staðan er alvarleg, aðgengi að efni á samfélagsmiðlum þar sem áhættuhegðun er í forgrunni er miklu meiri en áður og menn átta sig ekki á afleiðingunum. Vantar grunn til að meta hvar mörkin liggja. Mikið foreldravandamál líka.

Mikilvægt er að halda félagsmiðstöðvastarfi gangandi því þeir sem mæta eru í mun minni hættu á að lenda í áhættuhegðun. Einangrun á líka stóran þátt og samskiptafernin minnkaði í COVID.

Innsýning hefur ekki komið til að fjármagna sumarstörf 17 ára aldurshópsins. Mikilvægt að halda þeim hópi í virkni. Þetta er hópur sem er að fara inn á vinnumarkað. Vinnuskólinn sinnir yngri hópnum. Þeir sem ekki eru með tengslanetið eru í verstu stöðinni. Tengist einangrun og skorti á fræðslu/forvörnum. Úrræðið er til staðar í öðrum sveitarfélögum.

Þarf meira starf með unglingum, halda þeim í virkni. Ekki borgarinnar einnar að halda þessu úti.

Könnun meðal grunnskólanema þar sem kom fram að 1.600 ungmenni voru vopnuð til að verja sig (7% ungmenna).

Áhættuhegðun ungmenna – úrræði og lausnir

Er í fanginu á skólum, velferð og félagsmiðstöðvum. Staðan sú að þetta er í öllum skólunum. 95% unglinga í góðu lagi, en staðan aldrei verið eins slæm að mati stjórnanda félagsmiðstöðvar.

Í 1-2 ár hefur starfsfólk félagsmiðstöðvanna haft áhyggjur af meiri hópamyndun, meira ofbeldi. Er tilfærsla á milli staða. Mjódd, Breiðholtsskóli, Hörðuvallaskóli. Unglingarnir flögra á milli þegar viðbrögðin herðast.

Þeir sem stýra félagsmiðstöðvamála á höfuðborgarsvæðinu hittast mánaðarlega. Vettvangsstarf í dag er gamla leitarstarfið. Er inni í reglum um þjónustu félagsmiðstöðva. Í Breiðholti fara starfsmenn í vettvangsstarf eftir hverja einustu vakt. Þarf að vera í öllum hverfum. Neyðarástand í Grafarvogi sumarið 2022, brotið bakland. Mikill órói, foreldrar meðvitundarlausir. Hafa haldið upp samstarfi við Heimili og skóla og foreldrasamfélagið í leik og grunnskólum borgarinnar.

Í félagsmiðstöðvageiranum er verið að rýna möguleg úrræði. Meðal hugmynda er að móta “útideild” með löggú og félagsmiðstöðva ívafi. Frístundastarfið hefur fengið styrk frá ríkinu s.l. 3 sumur til að keyra Flotann – flakkandi félagsmiðstöð. Um er að ræða 8 manna teymi sem fær krakka til að taka þátt í jákvæðri virkni. Biðlað hefur verið til lögreglu – 10 stöðugildi samfélagslögregluþjóna til viðbótar á landinu. Mögulega hægt að fá meira “manpower” í Breiðholtið.

Hitt húsið gæti komið sterkar inn í þetta starf út frá forsendum eldri hóps. Hópurinn er bæði á grunnskólastigi og eldri. Ofbeldisverk gerast milli kl. 14 og 19 á daginn í Breiðholti. Hatrammt þar. Allskyns fordómar m.a. gagnvart hinsegin fólki og innflytjendum. Virðingarleysi gagnvart stelpum.

Horft til SSP í Köben, þar sem löggan vinnu á “pedagógískum” nótum. Samfélagslögga í Breiðholti er í 20% stöðugildi sem æskilegt væri að stækka. Ragnheiður var í samstarfi við hverfislögguna í Völvufelli sem voru í fullu starfi þá.

Mikið hluti af innflytjendavanda, aukinn vopnaburður, samfélagsmiðlamenningin.

Tölfræði í VEL: Stórauðnar tilkynningar til Barnaverndar. Tvöföldun þar sem börn eru að beita ofbeldi. Einn á einn aðferðin.

Ekki ein kerfislausn – þarf að sníða eftir hverjum borgarhluta.

Jafningjafræðsla Hins hússins er magnað fyrirbæri – hafa farið í Vinnuskólann og taka samtalið um hvað er efst á baugi – hafa fengið fræðslu um samfélagsmiðla, netnotkun o.fl.

FB hópur: forvarnir í framhaldsskólum.

7.fundur 1.06.23

Efni: Kynning á “Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024” – Samantekt varðandi “Forvarnir og geðrækt ungmenna”. (Sjá fylgiskjal nr. 7).

Kynning: Amanda K. Ólafsdóttir fulltrúi starfshóps á vegum SSH.

Markmiðin með verkefninu

- Koma á fót samstarfsvettvangi til að efla og auka samstarf á sviði forvarna og geðrækt hjá ungmönnum 16-20 ára á höfuðborgarsvæðinu
- Samræma vinnu sveitarfélaga um geðrækt ungmenna
Til viðbótar séu sívirk og snemmtæk úrræði til staðar til að mæta þörfum nemenda sem þurfa aukna aðstoð á sviði náms, hegðunar, tilfinninga- eða félagsfærni auk stuðnings við þau sem þurfa mikinn eða fjölbættari stuðning til lengri tíma. Um er að ræða heildstætt skipulag kennslu, starfshátta og stuðningsúrræða í skóla og frístundastarfi til að tryggja með sem bestum hætti að öll börn hafi jöfn

tækifæri til að blómstra í námi. (Skilgreining og mynd „Innleiðing gedræktarstarfs, forvarna og stuðnings við börn og ungmenni í skólum á Íslandi. Tillögur starfshóps. Október 2019)

▪ Skólaforðun

Skólaforðun er hugtak sem er fremur nýtt af nálinni í umræðu um skólamál á Íslandi. Könnun velferðarvaktarinnar leiðir meðal annars í ljós að gera má ráð fyrir að um 1.000 börn á grunnskólaaldri á Íslandi glími við skólaforðun eða um 2,2% nemenda. Meðal helstu ástæðna skólaforðunar nefna skólastjórnendur andlega vanlíðan nemenda eins og kvíða og þunglyndi og erfiðar aðstæður á heimilum þeirra. (Velferðarvaktin 2019)

Skólaforðun er þegar barn eða ungmenni forðast að sækja skóla hvort sem um er að ræða heilan skóladag eða hluta úr degi í lengri eða skemmri tíma s.s. mætir ekki skólan vegna tilfinningalegra erfiðleika, til að forðast aðstæður, til að fá athygli frá fjölskyldu eða öðrum í umhverfi sínu eða vegna þess að aðrir staðir eru



áhugaverðari. (Úr skýrslu Teymis um skólaforðun barna í efri bekkjum grunnskóla og neðstu bekkjum framhaldsskóla frá 2017/2018).

Nýlegar rannsóknir benda til aukinnar tíðni kvíða hjá börnum og unglingum og vaxandi fjölda barna og unglinga sem eiga erfitt með skólasókn af ýmsum ástæðum. Þar má tiltaka kenningar um of mikla skýjanotkun, of lítinn svefn, tengslaleysi og/eða samskiptavanda fjölskyldna sem rót vandans. (Rannsóknir og greining, 2021).

Rannsóknir sýna að börn og unglingar sem þróa með sér alvarlega skólaforðun eru í aukinni hættu á að verða undir í lífinu. Þau eiga á hættu að þróa með sér alvarlega félagsfærni og einangrast, eiga erfitt með félagsleg samskipti, eiga á hættu að falla úr námi og glíma því oftast við fátækt þar sem þau hafa ekki aflað sér starfsréttinda eða það sem verra er að þau þróa með sér geðræn vandkvæði sem leiða til vanvirkni, vanda á vinnumarkaði og/eða örorku síðar í lífinu. Tengsl eru á milli skólaforðunar og geðrænna vandkvæða seinna í lífinu ásamt því að viðkomandi eiga oftast í tilfinningalegum erfiðleikum, erfiðleikum í samskiptum við maka síðar á lífsleiðinni og er hættara við öðrum félagslegum vanda s.s. að veita eigin börnum traust og góð uppeldisskilyrði. Þess utan sýna bandarískar rannsóknir tengsl á milli skólaforðunar og afbrotahæðunar og misnotkunar á vímuefnum. (Egilsstaðaskóli/ Wimmer, 2013).


Meirihluti af allri skólaforðun sem endar í brotthvarfi úr skóla, á sér stað á aldrinum sautján til nitján ára. Það að hafa hætt einu sinni í ókláruðu námi eykur verulega hættuna á brotthvarfi, ef til vill vegna þess að aðstæðurnar sem ollu fyrsta brotthvarfi eru enn til staðar eða vegna afleiðinga

• Aðvörunarljós

Ungmenn í höfuðborgarsvæðinu (16-24 ára) voru samtals 27.865 talsins 1. janúar 2021. Í Hafnarfirði 3.703, í Garðabæ 2.255, í Kópavogi 4.429 í Reykjavík 15.459, á Seltjarnarnesi 512, í Mosfellsbæ 1.507. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni í desember 2020 var atvinnuleysi hjá aldurshópnum 16-24 ára á höfuðborgarsvæðinu 11,8% árið 2021 og virðist stefna í svipað hlutfall á árinu 2022.

Ekki eru tiltækar nákvæmar tölulegar upplýsingar yfir ungmenni sem eiga við skólaforðun að etja, hafa ekki hafa skráð sig í framhaldsskóla, eða horfið á brott úr framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá framhaldsskólunum er engin sérstök (miðlæg) skráning til um nemendur sem skráðir eru í skóla, en mæta sjaldan eða alls ekki. Leiða má líkur að því, að tölur Hagstofunnar í desember 2022 um atvinnulaus ungmenni (16-24 ára) endurspegli að mestu leyti þann fjölda ungmenna á höfuðborgarsvæðinu

sem eru í skólaforðun, hafi horfið frá námi og eru skráð atvinnulaus. Því má gera að því skóna að um 3000 ungmenni á höfuðborgarsvæðinu séu um þessar mundir hvorki í formlegu námi né á vinnumarkaði og umtalsverður hluti þeirra sækir einhverskonar þjónustu til sveitarfélaganna.



Hátt hlutfall ungs fólks með örorku- eða endurhæfingarlífeyri hér á landi, bendir eindregið til varhugaverðrar þróunar. Hjá Norrænu tölfræðistofnuninni kemur fram að 5% fólks á aldrinum 16-39 ára sé með örorku-eða endurhæfingarlífeyri á Íslandi (2017). Hlutfallið er nálægt 2% samanborið við hin Norðurlöndin. Skýringin liggur í meðal annars, að á Íslandi er hægt að fá varanlega örorku- eða endurhæfingarlífeyri frá 18 ára aldri. Í Danmörku t.d. er ekki hægt að fá örorkulífeyri fyrr en eftir 40 ára aldur. Í staðinn er er í boði starfsendurhæfing og hlutastörf miðað við starfshæfni. Í Svíþjóð er örorkulífeyrir fyrst greiddur eftir 30 ára aldur en fram að því fær fólk hlutfallslegar greiðslur eftir starfshæfni. Í Noregi er gert ráð fyrir greiðslum fyrir virkni í það minnsta til 26 ára aldurs nema fólk sé alvarlega fatlað og í Finnlandi eru ekki greiddar fullar örorkubætur fyrir 31 árs aldur. Almannatryggingakerfin eru þannig verulega frábrugðin á Norðurlöndunum, en alls staðar utan Íslands má segja að gert sé ráð fyrir því að nýta starfshæfni fólks í lengstu lög og koma í veg fyrir varanlega óvirkni utan vinnu og eða náms. (Björk Vilhelmsdóttir 2017).

Ísland sker sig úr varðandi aukningu útgjalda vegna örorkulífeyris á meðan aðrar Norðurlandabjóðir hafa dregið úr þeim útgjöldum um leið og áhersla á virkni jókst. Margvíslegar rannsóknir sýna fram á að skortur á stuðningi í upphafi erfiðleika og veikinda ungmenna leiðir seinna til sjúkdóma sem verða illviðráðanlegir og leiða til varanlegrar örorku. (Guðrún Ragnheiður Jónsdóttir Ársrit VIRK 2017)

II. Brotthvarf sem birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku þjóðfélagi

Í skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar, „Félagsleg og efnahagsleg staða og brotthvarf úr íslenskum framhaldsskólum“ (Velferðarvaktin janúar 2022) er fjallað um brotthvarf úr framhaldsskóla frá öðru sjónarhorni en venjulega er gert á Íslandi. Í stað þess að beina athyglinni að nálægum orsökum brotthvarfs er brotthvarf ungmenna skoðað sem birtingarmynd ójafnra tækifæra í íslensku þjóðfélagi með því að beina athyglinni að félagslegum og efnahagslegum bakgrunni.

Í þessu samhengi skipta máli tvær mælingar: menntun foreldra og heildartekjur fjölskyldunnar. Þær skipta máli vegna þess hvernig þær tengjast lagskiptingu samfélagsins. Menntun hefur áhrif á þau störf sem fólk sinnir, sem skilgreina stéttarstöðu þeirra, sem aftur hafa áhrif á tekjur fólks og þar með á líf skjör fjölskyldna þeirra.

▪ Menntun foreldra

Niðurstöðurnar benda til þess að brotthvarf úr framhaldsskólum sé birtingarmynd ójafnra tækifæra. Það er þó öðru fremur menntun foreldra sem skiptir máli. Líkurnar á að hætta í ókláruðu námi eru minni því hærra sem menntun foreldra er. Að eiga foreldra sem hafa mest lokið framhaldsskólanámi dregur úr líkunum á endurkomu brotthvarfsnema í nám og að eiga foreldra sem hafa lokið háskólanámi dregur úr líkum endurkomunema á brotthvarfi.

▪ Tekjur

Hvað varðar tekjur þá eru auknar líkur á brotthvarfi meðal þeirra sem eru í neðri hluta tekjudreifingarinnar og þá einkum á meðal þeirra sem eru í neðsta hluta hennar. Hópurinn í neðsta hluta tekjudreifingarinnar er einnig síður líklegur til að snúa aftur í nám og þau sem það gera búa við auknar líkur á endurteknu brotthvarfi. Þá býr hópurinn við auknar líkur á námstöfum. Hvað varðar að vera utan skóla án þess að hafa lokið framhaldsskólanámi við tuttugu og tveggja ára aldurinn er það fremur það að vera í efsta hluta tekjudreifingarinnar sem dregur úr líkunum fremur en að lægri tekjur auki þær.


▪ Erlendur uppruni

Á yfirborðinu virðist erlendur uppruni hafa takmörkuð áhrif. Nánari eftirgrennslan leiddi í ljós að ungmenni sem fæddust erlendis og eiga báða foreldra fædda erlendis búa við auknar líkur á brotthvarfi. Brotthvarf tengist augljóslega því hve gömul ungmennin voru þegar þau fluttu til Íslands. Því yngri sem þau voru því betra vald má ætla að þau hafi á tungumálinu, sem er lykilatriði fyrir árangur í námi, og sterkari félagsleg tengsl. Ungmenni sem fæddust í Póllandi standa upp úr hvað varðar auknar

líkur á brotthvarfi, minni líkur á endurkomu og auknar líkur á endurteknu brotthvarfi. Ungmenninn frá Asíu og Póllandi búa hins vegar bæði við auknar líkur á því að vera utan skóla án þess að hafa lokið framhaldsskólanámi við tuttugu og tveggja ára aldur.

▪ Námsárangur

Á meðal þess sem er fjallað um í skýrslu Kolbeins H. Stefánssonar og Helga Eiríks Eyjólfssonar, er hve mikinn hluta af muninum á brotthvarfi tiltekinna hópa nemenda í samanburði við aðra er hægt að rekja til námsárangurs. Greiningarnar beindust að menntun foreldra (viðmiðunarhópurinn var þau sem áttu foreldra sem höfðu lokið framhaldsnámi á háskólastigi), þeim sem bjuggu hjá einstæðum foreldrum (viðmiðunarhópurinn var þau sem bjuggu með tveimur foreldrum) og drengjum (viðmiðunarhópurinn var stúlkur).



Niðurstöðurnar benda til þess að úrræði sem beinast að bættum námsárangri séu líklegust til að skila árangri. Hægt var að rekja nærri 80% af muninum á brotthvarfi drengja og stúlkna til námsárangurs og nærri 90% af muninum á milli brotthvarfs barna fæddra í Póllandi og þeirra sem fæddust á Íslandi. Niðurstöðurnar benda til þess að inngrip snemma í námsferlinum skipti máli. Meirihluti af öllu brotthvarfi á sér stað á aldrinum sautján til níttján ára. Það að hafa hætt einu sinni í ókláruðu námi eykur verulega hættuna á brotthvarfi, ef til vill vegna þess að aðstæðurnar sem öllu fyrsta brotthvarfi eru enn til staðar eða vegna afleiðinga langtímaþróunar.

III. Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna (farsældarlög)

Lögin voru samþykkt á Alþingi í júní 2021 og tóku gildi 1.1. 2022. Þau leggja ríkar skyldur á herðar félagsþjónustu sveitarfélaga og þeirrar þjónustu sem þau veita veitt í þágu barna (og ungmenna). Lögin ná til þjónustu hvort sem hún er veitt á vettvangi ríkis eða sveitarfélaga. Taka til þjónustu sem er veitt innan alls skólakerfisins, þjónustu sem er veitt innan heilbrigðiskerfisins og félags- og frítímaþjónustu sem er veitt í þágu barna innan sveitarfélaga, auk verkefna lögreglu og íþróttar og æskulýðsfélaga.

▪ Stigskipting þjónustu

Í fyrsta sinn er kveðið á um samræmda mælikvarða sem lýsa stigskiptingu þjónustu í þágu farsældar barna í þrjú þjónustustig.

- *Fyrsta stigs þjónusta er grunnþjónusta sem er aðgengileg öllum börnum og foreldrum og einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns.*
- *Annars stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að tryggja farsæld barns.*
- *Þriðja stigs þjónusta er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það að markmiði að tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin.*

Skýlt verður að flokka og skilgreina alla þjónustu í þágu farsældar barna með hliðsjón af þessum skilgreiningum.

▪ Snemmtækur stuðningur

Fjölskyldum og börnum sem þurfa snemmtækan stuðning er tryggður aðgangur að sérstökum tengilið í nærumhverfi barnsins. Tengiliður veitir upplýsingar og leiðbeiningar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati á þörfum, skipuleggur og fylgir eftir samþættingu og kemur áfram upplýsingum ef er þörf fyrir markvissari eða sérhæfðari þjónustu en er veitt á fyrsta stigi. Tengiliður er starfsmaður heilsugæslu, leik-, grunn- eða framhaldsskóla eða félagsþjónustu sveitarfélaga.

Ef börn þurfa markvissari og/eða sérhæfðari fjölþætta stuðning til lengri tíma er barni og fjölskyldu þess tryggður aðgangur að málstjóra hjá félagsþjónustu sveitarfélaga. Málstjóri veitir ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu, aðstoðar við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum, ber ábyrgð á gerð stuðningsáætlunar og að leiða stuðningsteymi og fylgir eftir þjónustu sem er veitt í samræmi við stuðningsáætlun.

▪ Tengiliðir og málstjórar

Í lögunum er því gert ráð fyrir að börn og fjölskyldur geti snúið sér til tengiliðar eða málstjóra sem leiði málið áfram. Að ósk barns og/eða fjölskyldu þess er komið á virku samstarfi milli þeirra sem veita barni þjónustu. Í samstarfinu felst meðal annars að þessum þjónustuveitendum er heimilt að skiptast á upplýsingum um aðstæður barnsins. Aðgangur að tengilið og málstjóra er tryggður strax frá fæðingu barns og þar til barn er 18 ára. Sams konar þjónusta verður eftir atvikum í boði fyrir foreldra á meðgöngu.

Öll þjónusta í þágu barna skal fara fram samkvæmt því sem barni er fyrir bestu. Þau sem veita þjónustu í þágu barna skulu bera virðingu fyrir rétti og skyldum foreldra við ákvarðanatöku um uppeldi barna sinna og sjálfstæðs réttar barna til þess að réttmætt tillit sé tekið til skoðana þeirra í samræmi við aldur og þroska.

▪ Markvisst samstarf

Þeim sem veita þjónustu í þágu barna ber að stuðla að markvissu samstarfi við foreldra og börn sem einkennist af gagnkvæmri virðingu og trausti. Til að tryggja samstarf við foreldra og börn og að ekki sé gengið nær einkalífi foreldra og barna en nauðsyn krefur er ekki heimilt að vinna persónuupplýsingar á grundvelli laganna nema fyrir liggi beiðni þeirra um vinnslu eða samþættingu.

Í lögnum er gert ráð fyrir að félags- og barnamálaráðherra beri ábyrgð á samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og hafi eftirlit með framkvæmd laganna.

Samhliða lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna hefur félags- og barnamálaráðherra boðað tvö önnur frumvörp, annars vegar til laga um Barna- og fjölskyldustofu og hins vegar til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

▪ Stefnumótun

Gert er ráð fyrir að fram fari viðtæk stefnumótun og samtal. Önnur stoðin er svæðisbundið að því er varðar samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Markmiðið er að leiða saman lykilaðila sem bera ábyrgð á farsæld barna og þeim falið að vinna sameiginlega að mótun þverfaglegrar stefnu og framkvæmdaáætlana.

Stefnumótun fer fram í þremur stoðum. Í fyrstu stoðinni er farsældarþing þar sem fagfólk, notendur og stjórnvöld eiga viðtækt samráð á ábyrgð sveitarfélaga á vettvangi svæðisbundinna farsældarráða. Þriðja stoðin er samráðsvettvangur á vegum Stjórnarráðs Íslands. Til að stefnumótun, áætlanagerð og eftirfylgni geti farið fram er mikilvægt að fram fari markviss upplýsingasöfnun um farsæld barna

▪ Mælaborð

Til að stuðla að farsæld barna á Íslandi og styðja við innleiðingu löggjafarinnar hefur félagsmálaráðuneytið, í samstarfi við Kópavogsbæ, UNICEF á Íslandi og fleiri aðila unnið að þróun mælaborðs um farsæld barna. Mælaborðið tekur saman helstu farsældarvísa og hefur að geyma safn helstu tölfræðimælinga sem veita yfirsýn yfir líðan og velferð barna og ungmenna hér á landi. Mælaborðið sýnir bæði einstakar mælingar og vísitölu og samanstendur af fimm viddum sem vísa til grunnstoða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Viddirnar eru:

- *Menntun*
- *Jafnræði*
- *Heilsa & vellíðan*
- *Öryggi & vernd*
- *Samfélagsleg þátttaka*

Lög um stöðu og réttindi barna og mun það liggja til grundvallar við forgangsroðun/fjármögnun verkefna og stefnumótun stjórnvalda. Unnið er að þróun mælaborðs sem mun standa öllum sveitarfélögum til boða. Samhliða er unnið að þróun mælaborðs sem tekur saman stöðu barna á landsvísi, út frá sömu mælikvörðum og til staðar eru í mælaborði sveitarfélaga.

IV. Áherslur vinnuhópsins

Hjá sveitarfélögnum á höfuðborgarsvæðinu er virk vitund um mikilvægi forvarna, geðræktar og öflugrar félags- og frítímapjónustu fyrir börn, unglinga og ungmenni. Öll sveitarfélögin hafa nokkurn fjölda úrræða úr að spila og með nýjum lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna eru lagðar ríkari skyldur á herðar félagsþjónustu sveitarfélaga og þá þjónustu sem þau veita í þágu barna, unglinga og ungmenna. Lögin taka m.a. til þjónustu sem er veitt innan alls skólakerfisins, félags- og frítímapjónustu sem er veitt í þágu barna innan sveitarfélaga, auk verkefna íþrótta- og æskulýðsfélaga.

Í ljósi fyrirbyggjandi upplýsinga um vaxandi fjölda ungmenna á höfuðborgarsvæðinu sem á við skólaforðun að stríða, fjölda ungmenna sem ekki er í skipulögðu námi eða vinnu, og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, leggur vinnuhópurinn fram áherslur í 5 liðum í þeim tilgangi að styrkja, samræma og samþætta í auknum mæli forvarnir, geðrækt og frítíma- og félagsþjónustu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu í þágu farsældar barna, unglinga og ungmenna.

Áhersla 1. Aukin samþætting og samvinna

Í ljósi laga um *um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna* leggur vinnuhópurinn áherslu á að ákvarðanir hjá sveitarfélögnum er varða aðstöðu og þjónustu við ungmenni séu teknar í samráði við ungmenni og taki ætíð mið af þörfum þeirra. Í því sambandi er mikilvægt að horft verði til þess að virkja ungt fólk meira í mótun þjónustu og framkvæmd verkefna og viðburða, s.s. tengdum menningu og listum, og verkefnum sem snúa að þróun sjálfbærni. Ungmennum verði tryggður aðgangur að mótun og framkvæmd nýsköpunarverkefna innan stofnana og stjórnsýslu sveitarfélaganna. Tækifærum til atvinnu og starfsþjálfunar innan stofnana þeirra verði fjölgað. Horft verði sérstaklega til þess að tryggja markmiðuð virkniúrræði fyrir ólíka hópa. Lögð er áhersla á að viðeigandi og áhrifarík þjónusta í formi forvarna, geðræktar, ásamt félags- og frítímapjónustu sveitarfélaganna sé tvímælalaust kostnaðarhagkvæm bæði til skemmri og lengri tíma lítið.

Lögð er áhersla á að sveitarfélögin fylgi sérstaklega eftir viðkvæmum hópi barna með stuðningi og ráðgjöf þegar grunnskóla lýkur og allt til 18 ára aldurs. Í ljósi þessa er mikilvægt að sveitarfélögin tryggi aðgengi barna, foreldra og annarra að upplýsingum og fræðslu um samþætta þjónustu sem miðuð er að þörfum þeirra. Þannig sé samstarf í kringum börn og fjölskyldur í viðkvæmri stöðu í skýrum farvegi. Þar af leiðir að skipuleggja þarf þjónustu á markvissan og samfelldan hátt hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu, þannig að þjónustan sé heildræn og veitt af þeim þjónustuveitendum sem eru best til þess fallnir að mæta þörfum barns hverju sinni. Gæta þarf að því að skipulag þjónustunnar sé þannig að ekki verði rof í henni t.d. þegar barn flyst á milli skólastiga eða sveitarfélaga.

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu leggi sig fram við að hafa skýr markmið um að fjölga tækifærum til atvinnu- og starfsþjálfunar fyrir ungmenni og bæta aðgengi þeirra að mótun og framkvæmd nýsköpunarverkefna innan sveitarfélaganna.

- Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu séu í góðu og nánu samstarfi við ungmennaráð sveitarfélaganna, samtök framhaldsskólanema og aðra hagaðila þegar kemur að stefnumörkun og ákvarðanatöku er varðar þjónustu við ungmenni.
- Gott og faglegt samstarf sé á milli sveitarfélaganna, hagaðila og ríkisins við þróun úrræða þar sem unnið er gegn skólaforðun, brottfalli úr íþrótt, félags- og frítímapjónustu, framhaldsskólum og vinnu. Úrræði sem auðvelda endurkomu ungmenna í skóla, aðra virkni og þátttöku í samfélaginu séu í stöðugri þróun í takti við breytilega samfélagsgerð.
- Boðið sé upp á stuðning og ráðgjöf og námsframboð utan hins hefðbundna framhalds- og háskólastigs, svo sem með rekstri Námsflokka, símenntunar- og sjálfbóðaliðatilboðum.
- Náms- og starfstengd tilboð við hæfi séu til staðar á vegum sveitarfélaganna fyrir ungmenni sem hvorki eru í formlegu námi né á vinnumarkaði.
- Menntun sem sem fæst gegnum þátttöku í félags- og frítímastarfi verði viðurkennd og leiðir þróaðar til að meta hana að verðleikum.
- Aukið verði samstarf á milli skóla og félagsþjónustu til þess að greina þá áhættuþætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu ungmenna og brottfalls úr námi. Mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við þessum þáttum sé sett í forgang hjá sveitarfélögum.

Áhersla 2. Gögn

Mikilvægt er að veita fagfólki, starfsfólki og öðrum sem vinna að málefnum ungs fólks aðgang að vönduðum gögnum þannig að hægt sé að beita gagnreyndum upplýsingum til að bæta hag, líðan og aðbúnað ungmenna. Þá tekur vinnuhópurinn undir tillögur Velferðarvaktarinnar (2022) um að brýnt sé að koma á skimunartólum á grundvelli skráargagna grunnskólanna og tölfraeðilíkana/vélnámslíkana (e. machine learning) til að grunn- og framhaldsskólar geti unnið gegn líklegu brotthvarfi nemenda og veitt þeim viðeigandi aðstoð. Þá leggur vinnuhópurinn áherslu á að flýtt verði þróun og uppsetningu mælaborðs samkv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

- Lögð verði áhersla á að koma upp upplýsinga- og eftirfylgniskerfi sem fylgist með afdrifum nemenda eftir grunnskóla og tryggir samfellu í stuðningsúrræðum á milli grunn- og framhaldsskóla
- Leitað verði leiða til að nýta til fullnustu upplýsingar um hvaða börn og ungmenni nota ekki frístundastyrki sveitarfélaganna á hverjum tíma. Þær upplýsingar verði nýttar til að ná til ungmenna sem ekki ástunda skipulegt íþrótt- og frístundastarf.
- Gert verði átak í að safna markvisst upplýsingum frá vinnumálastofnun (VMST) um atvinnuleysi ungmenna á höfuðborgarsvæðinu og þátttöku þeirra í úrræðum á vegum VMST og VIRK.
- Aukið verði samstarf á milli skóla og félagsþjónustu sveitarfélaganna til að greina þá beinu þætti sem tengjast félagslegri og efnahagslegri stöðu sem auka líkur á skólaforðun og brottfalli úr námi við mótun og framkvæmd úrræða til að bregðast við því.

Áhersla 3. Heilsa og velliðan

Öflug áhersla á heilsuefingu auka líkur á heilbrigði og velliðan ungmenna. Áhersla verði m.a. lögð á styrkja sjálfsmynd, tilfinningalæsi, heilsu (svefn, hreyfing, mataræði). Horft verði til samstarfs milli félagsmiðstöðva, foreldrafélaga, íþróttafélaga, framhaldsskóla, lögreglu og heilsugæslu til að efla forvarnar- og heilsuefingarstarf ungmenna. Með þessu gæfist starfsfólki líka tækifæri á að miðla þekkingu og reynslu sín á milli. Vinnuhópurinn telur mikilvægt að festa í sessi það viðhorf í öllu starfi sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem beinist að ungmennum 16 ára og eldri, að sanngjarnt samfélag mæti vanda ungmenna, en stundaðar séu öflugar forvarnir og félags- og frítímastarf á sama tíma. Félagsleg einangrun og bjargarleysi hefur neikvæð áhrif á líðan ungmenna, á meðan félagsleg virkni og tækifæri til áhrifa bæta líðanina. Í því ljósi er mikilvægt að úrræði á vegum sveitarfélaganna einkennist að eftirfarandi þáttum:

- Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu setji sér viðmið um forvarnaráætlanir, innihald þeirra og forvarnaraðgerðir. Ýtt verði undir virka þátttöku ungmenna í skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi og stuðning fjölskyldunnar sem stuðlar umfram annað að heilbrigðum lífsstíl.
- Þróuð verði sértæk úrræði fyrir ungmennti af erlendum uppruna til að tengja þau betur við nærsamfélagið og stuðla að heilbrigðum lífsstíl.
- Staðið verði að reglulegri könnun og mati á skilvirkni fjölbreyttra forvarnaraðgerða á vegum félags- og frítímaþjónustu sveitarfélaganna.
- Upplýsingum um hagi ungmenna sé reglulega miðlað til foreldra og forráðamanna.
- Forvarnir og reynsla af sértækum aðgerðum í nærumhverfi og hverfum verði nýttar til að þróa önnur sértæk úrræði.
- Aukin áhersla verði lögð á forvarnir gegn hverskonar ofbeldi sem ógnar ungmennum.
- Staðið sé fyrir fræðslu og opinskárrí umræðu um ofbeldi af öllum toga með áherslu á ábyrgð gerenda.
- Allar forvarnaráætlanir sveitarfélaganna miðist við börn og ungmennti til 18 ára aldurs og sveitarfélögin skoði möguleika á að samræma og auka samstarf um gerð hverfisbundinna forvarnaráætlana.



Áhersla 4. Ungmennahús – miðstöðvar ungs fólks

Vinnuhópurinn leggur áherslu á að stuðlað sé að, en ekki dregið úr faglegri, innihaldsríkri og viðtækri starfsemi ungmennahúsa. Þar er unnið með hæfileika ungmenna og mætt þörfum þeirra fyrir aðstöðu til afþreyingar, frítíma- og félagsstarfs, skapandi verkefna og starfa. Kannanir meðal ungmenna benda eindregið til þess að mikilvægt sé að auka áherslu á að veita þeim aðgengi að ráðgjöf og stuðningsþjónustu hjá ungmennahúsunum sem miðar að sjálfs- og valdeflingu og bættri andlegri líðan.

Stefnt sé að því að hjá ungmennahúsum í höfuðborgarsvæðinu verði heildstæða ráðgjafar- og stuðningsþjónusta um úrræði sveitarfélaganna, ríkis, félagasamtaka og fagaðila, varðandi andlega og líkamlega heilsu, nám, atvinnu og fjármál ungmenna. Ráðgjöf og stuðningur tryggi heildræna sýn á vandamál og áskoranir ungmenna og að henni sinni þverfaglegt teymi starfsfólks ólíkra sviða í samstarfi við aðra hagaðila. Mikilvægt er að hafa í huga að „ungmennahús – ungmennamiðstöðvar- félags- og frístundamiðstöðvar“ eru ekki hús í eiginlegri merkingu þess hugtaks, heldur starfsemi sem getur farið fram óháð staðsetningu.

- Leggja þarf í vegferð sem miðar að því að samræma kjarnaþjónustu ungmennahúsa, félags- og frítímamiðstöðva á höfuðborgarsvæðinu.
- Boðið verði í auknum mæli náms- og starfsráðgjöf á vegum ungmennahúsa í samvinnu við Vinnuálastofnun og aðra hagaðila.
- Í ungmennamiðstöðvum verði auðvelt aðgengi að lágþröskuldþjónustu og auðvelt sé fyrir ungmenni að nálgast, t.d. þjónustu Samtakanna 78, Bergsins Headspace, Píeta, Ástráðs- kynfræðslufélags læknanema og annarra viðurkenndra aðila sem láta sig hag ungmenna varða.
- Aðgengi að jafningjafræðslu og faglegri sálfræðiþjónustu hjá ungmennahúsum verði auðveldað.
- Lögð verði áhersla á valdeflandi starf meðal ungmenna og lögð áhersla á að aðstoða þau við að fjölga farsælum ákvörðunum.
- Starfandi verði ungmennaráðgjafar í ungmennahúsum, sem m.a. hafa það hlutverk að setja sig í samband við ungmenni sem falla úr skóla og frístundastarfi.
- Hjá ungmennahúsum verði gert sérstakt átak í að efla baklandsþjónustu og ná til foreldra og virkja þá til samstarfs við ungmennahúsin.
- Aukin verði til muna samvinna ungmennahúsa við forvarnarfulltrúa og forvarnarstarf framhaldsskólanna.
- Ungmennahúsin verði í auknum mæli bakland ungmenna sem eiga lítið sem ekkert bakland.
- Lögð verði sérsök áhersla á að fjölga farsælum ákvörðunum hjá ungmennum sbr. „Fimm leiðir“ - leiðbeiningar frá landlækni.

Áhersla 5. Samfélag án aðgreiningar

Vinnuhópurinn telur að brýnt að stuðla að meiri félagslegri virkni og vinna gegn einangrun ungmenna af erlendum uppruna til að tryggja velliðan og framlag þeirra til samfélagsins. Í því sambandi vekur vinnuhópurinn athygli á að innflytjendur á Íslandi voru 61.148 eða 16,3% mannfjöldans þann 1. janúar

2022. Innflytjendum heldur áfram að fjölga og voru þeir 15,5% landsmanna (57.126) í fyrra. Frá árinu 2012 hefur hlutfallið farið úr 8,0% mannfjöldans upp í 16,3%. Innflytjendum af annarri kynslóð fjölgaði einnig á milli ára, voru 6.117 í byrjun árs 2021 en 6.575, 1. janúar síðastliðinn. Þessi staðreynd kallar á að fjölmenningarleg vitund og hæfni ungs fólks af öllum þjóðernum og öllum kynjum verði eflid.

- Stuðla þarf að meiri virkni ungmenna sem tilheyra minnihlutahópum og áhættuhópum, svo sem vegna félagslegra eða efnahagslegra aðstæðna.
- Ráðist verði í verkefni t.d. á vegum ungmennahúsa þar sem fjölmenningarleg vitund og hæfni ungs fólks verði eflid.
- Viðurkenna þarf áskoranir sem ungmenni af erlendum uppruna mæta og umbuna þeim fyrir góðan árangur, meðal annars með sérstökum viðurkenningum.
- Viðurkenna þarf að ungmenni sem tilheyra minnihlutahópum geta orðið fyrir meiri mismunum en aðrir, s.s. vegna kynhneigðar, fötlunar og uppruna.
- Skoðað verði sérstaklega að móta og framkvæma úrræði sem miðar að því að auka tímann sem ungmenni með annað mál en íslensku, dvelja í íslensku málumhverfi.

Tenging við heimsmarkmiðin og barnasáttmálann

Mikilvægt er að aðgerðir sveitarfélaga í forvarnar- og geðrækráttálum sem miðað er að ungmennum séu með tengingu við heimsmarkmiðin og barnasáttmála SP.



Heimsmarkmiðin 3.gr, 4.gr, 5.gr, 9.gr, 10.gr, 12.gr, og 16.gr,

Barnasáttmálinn; 1.gr, 2.gr, 3.gr, 6. gr, 12.gr, 15.gr., 18.gr, 26.gr, 33.gr og 42.gr

V. Tillögur að næstu skrefum

Verkefnisstjóri og vinnuhópurinn telja mikilvægt að framhald verði á þeirri frjóu samvinnu og samráði milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu sem hefur náðst með starfi hópsins á árinu 2022 og þeirra fjölmörgu hagaðila sem komið hafa beint og óbeint að starfi hans og endurspeglast m.a. í þeim fimm megináherslum sem settar eru fram hér að framan.

Lagt er til að vinnuhópur sveitarfélaganna um forvarnir og geðrækt meðal ungmenna á höfuðborgarsvæðinu starfi áfram innan vébanda SSH á árinu 2023 eins og kveðið er á um í samþykktri verklýsingu fyrir verkefnið (2022). Verkefnisstjóri á vegum samtakanna haldi sem fyrr utan um starf hópsins. Verkefnið verði áfram hluti af framfylgd sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 sem fellur undir meginflokkinn „Velferð og samfélag“ og meginmarkmið „Auka heilsuefingu og forvarnir“.

Hlutverk hópsins á árinu 2023 verði að vinna að nánar að og koma í framkvæmd þeim 5 áherslum sem lagðar eru fram sem tillögur hópsins, þ.e. að vinna saman að og samræma forvarnir, geðrækt, og þá fjölbreyttu frítíma- og félagsþjónustu sem sveitarfélögin veita börnum, unglingum og ungmennum á höfuðborgarsvæðinu. Safna upplýsingum, veita stuðning og stuðla að samræmingu aðgerða og verkefna þessum sviðum. Þá hafi hópurinn yfirsýn yfir úrræði og leiðir í forvörnum, geðrækt, frítíma og félagsþjónustu til handa börnum og ungmennum sem í boði eru hjá sveitarfélögunum og hinum fjölmörgu samtökum og félögum. Hlutverk hópsins er einnig að fylgjast með og þróa nýjungar varðandi málaflokkinn í samstarfi við ríkið og hagaðila og veita fagstuðning við stofnun verkefna fyrir börn og ungmenni sem teljast til forvarna, geðræktar, frítíma- og félagsþjónustu.

Tillögur að helstu verkefnum vinnuhópsins á árinu 2023

- Að beita sér fyrir að unnin sé heildarkortlagning á þeirri frítíma- og félagsþjónustu sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu bjóða ungmennum 16 ára og eldri.
- Að hafa forgöngu um að sveitarfélögin kanni með sameiginlegum hætti viðhorf ungmenna til forvarna og geðræktarverkefna. Einnig verði könnuð nýting og viðhorf ungmenna til frítíma- og félagsþjónustu sveitarfélaganna.
- Leggja áherslu á að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu setji sér sambærilega áherslur og viðmið í frítíma- og félagsþjónustu við ungmenni.
- Að unnið verði að sameiginlegum að viðmiðunum sveitarfélaganna er varða geðræktar- og forvarnaráætlanir fyrir börn og ungmenni. Hvað þær þurfa að innihalda, markmið leiðir og aðgerða- og framkvæmdaáætlanir. Áhersla verði á nærumhverfi og hverfisbundnar áætlanir.
- Kortleggja/greina sameiginlega hvaða ungmenni eru í áhættuhópum og vinna tillögur og aðgerðaáætlun um hvernig hægt er að ná til þessa fjölbreytta hóps.
- Að beita sér fyrir að koma verði á virku samstarfi milli foreldra, ungmennahúsa og forvarnarfulltrúa í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Aðstoð verði veitt við blása lífi í eldri foreldrafélög og stofna ný foreldrafélög í framhaldsskólum á svæðinu í samvinnu við Heimili og skóla. Stofnað verði til og stórukið samstarf á milli ungmennahúsa og forvarnafulltrúa í framhaldsskólum.
- Að sveitarfélögin vinni sameiginlega að nýsköpunarviku eða hackatoni (hackathon) meðal ungmenna á höfuðborgarsvæðinu. Viðfangsefnið verði nýsköpun í forvörnum, geðrækt og frítíma- og félagsþjónustu sveitarfélaganna við ungmenni.

Útfærsla á tillögum á forvarnahluta Hins hússins

1. Forvarnir

- a) Skerpt verði á nýrri forgangsröðun í starfsemi Hins hússins með því að auka áherslu á forvarnarskilyrði og vinnu við að fyrirbyggja og draga úr áhættuþegðun ungmenna. Lögð verði áhersla á forystuhlutverk og frumkvæði Hins Hússins í þeim málaflokki, þar sem tekið verði mið af nýrri forvarnaáætlun Reykjavíkurborgar sem verið er að vinna að undir lýðheilsustefnu borgarinnar.

Kostnaður: Til að mæta auknu umfangi og þeim tillögum sem hér eru tilgreindar þarf Hitt húsið að ráða starfsmann þ.e. forvarnafulltrúa í 50% stöðugildi (ca 4,5 milljónir). Til að bregðast við auknu mannhaldi í tillögunum er gert ráð fyrir 2 fullum stöðugildum til að sinna auknum kvöldopnunum, viðveru út í hverfum, í framhaldsskólum og í Flotanum. Samtals 2,5 stöðugildi ca 22,5 milljónir.

- b) Komið verði á formlegu samstarfi milli Hins hússins og félagsmiðstöðva borgarinnar m.t.t. upplýsingamiðlunar, samstarfsverkefna o.fl.

Útfærsla: Með formlegu samstarfi er hægt að byggja brú á milli þjónustupátta borgarinnar. T.d. að bjóða nemendum í 10. bekk á kynningu á starfi Hins hússins, mest að kvöldi til. Mest á vorönn og yfir sumarið.

Framkvæmd: Lagt er til að deildarstjórar félagsmiðstöðva og forvarnafulltrúi Hins hússins komi á þessu verkefni með aðstoð verkefnastjóri á frístundahluta fagskrifstofu SFS

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- c) Lagt er til að Hitt húsið sinni 16-18 ára hópnum sérstaklega og meti fýsileika þess að þjónusta þau í nærumhverfi sínu.

Útfærsla: Þessi aðgerð tengist lið d. Langtímamarkmið að opna ungmennahús í öllum borgarhlutum. Til að byrja með væri hægt að hefja samstarf við tvo framhaldsskóla og auglýsa starfið fyrir alla 16 ár og eldri í hverjum borgarhluta. Hægt væri að byrja með styrkjaþott þar sem ungmenni í hverfinu geta sótt um fyrir sjálfsprottið starf eða hafa opið hús fyrir 16-18 ára einu sinni í viku í húsnæði borgarinnar.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hh í samstarfi við verkefnastjóra miðstöðva, frístundamiðstöðvar og framhaldsskóla.

Kostnaður: amk 30% starfshlutfall (tveir starfsmenn í tvo tíma, tvisvar í viku).

- d) Skoða hvernig megi auka enn frekar samstarf Hins hússins og framhaldsskóla í borginni. Leita eftir samstarfi við framhaldsskóla um samnýtingu aðstöðu og starfsfólks. Horft verði til samstarfs FB og félagsmiðstöðvarinnar 111.

Útfærsla: Til að byrja með væri hægt að hefja samstarf við 2 framhaldsskóla, s.s. FB og Borgarholtsskóla sem tilraunaverkefni. Samstarf Hins hússins, deildarstjóra félagsmiðstöðva, Flotans og tengiliða farsældar og lögreglunnar.

Framkvæmd: Gott væri að starfsmaður sem þekkir til samstarfs FB og 111 gæti aðstoðað við þetta samstarf, s.s. komið með tillögum að samstarfi. Forvarnafulltrúi Hh myndi hafa frumkvæði af þessu samstarfi.

Kostnaður: Miðað við samstarf við tvo framhaldsskóla mætti samnýta starfsmenn sem hugsaði eru í lið e (sjá útfærslu í lið a)

- e) Hitt húsið komi meira að vettvangsstarfi með ungmennum í hverfum borgarinnar. Skoðað verði hvort og þá hvernig aðkoma Hins hússins geti verið inn í starfsemi Flotans og vettvangsstarfs á stórviðburðum á vegum borgarinnar.
Útfærsla: Tvö stöðugildi eru nauðsynleg frá Hinu Húsinu til að sinna 16-18 ára ungmennum á kvöldopnunum í Hinu Húsinu og vettvangsstarfi með sama aldurshópi s.s. með Flotanum, mikilvægt er að þetta séu sömu starfsmenninir.
Framkvæmd: Forvarnarfulltrúi Hins hússins kemur samstarfinu á
Kostnaður: Tvö 100% stöðugildi (eins og tilgreint er í lið a, sjá útfærslu þar)
- f) Lögð verði áhersla á að taka skýra afstöðu gegn ofbeldi í allri fræðslu og vinnu með ungmennum í borginni og á höfuðborgarsvæðinu.
Útfærsla: Nú þegar er til mikið fræðsluefni um ofbeldi sem auðvelt er að bæta inn í núverandi færðslu Hins hússins ef þess þarf. Taka þarf saman þessa fræðslu og samlesa við þá færðslu sem er þegar til.
Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hins hússins sér um þessa vinnu með aðstoð Forvarnarfulltrúa Rvk og verkefnastjóra á frístundahluta fagskrifstofu SFS
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH
- g) Jafningjafræðsla verði í boði fyrir alla nýnema í framhaldsskólum þar sem boðið er uppá fræðslu á jafningjagrundvelli sem styður ungt fólk til að taka upplýstar ákvarðanir er varða heilbriggt líferni og viðhorf.
Útfærsla: Þessi aðgerð er samsvarandi við aðgerð B6 aðgerð 1 í Forvarnaráætluninni. Verkefnið er vel útfært af Hinu húsinu
Framkvæmd: Verkefnaáætlun Hins hússins
Kostnaður: Kostar 600.000 en styrkir frá Lýðheilsusjóði Embætti landlæknis hafa fallið niður, því þarf að finna þetta fjármagn annarstaðar. (Þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a)
- h) Verkefnið „styrkur og vellíðan“ standi ungu fólki til boða árlega. Verkefnið miðar að því að hvetja ungt fólk til virkni og efla félagsleg tengsl í gegnum hreyfingu og hópavinnu.
Útfærsla: Þessi aðgerð er samsvarandi við aðgerð B6 aðgerð 2 í Forvarnaráætluninni. Verkefnið er vel útfært af Hinu húsinu
Framkvæmd: Verkefnaáætlun Hins hússins
Kostnaður: Innan kostnaðarramma (þegar fjármagnað á styrkjum)
- i) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við einstök fagsvið innan Reykjavíkurborgar í málefnum er tengjast forvörnum og áhættuhegðun.
Útfærsla: Hitt húsið verði í samstarfi við verkefnastjóra miðstöðva um forvarnir í borgarhlutunum, við skrifstofu SFS og VEL
Framkvæmd: Forvarnarfulltrúi Rvk aðstoðar Hitt húsið við þessa tengingar
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH
- j) Hitt húsið verði í formlegu samstarfi við aðila með sambærilega starfsemi/hlutverk hjá nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og taki að sér forystuhlutverk í því samstarfi.
Útfærsla: Reglulegir samstarfsfundir og leggja drög að sameiginlegum verkefnum.
Framkvæmd: Forvarnafulltrúin HH hefur frumkvæði að samvinnunni.
Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH
- k) Auka samstarf Hins hússins við foreldra og nýta samfélagsmiðla til að ná til þessa hóps með forvarnir í huga.
Útfærsla: T.d. Bjóða upp á foreldrafundi um verndandi þætti, stofna facebook síðu,

vera með skýr skilaboð á heimasíðu Hins hússins. Virkja jafningjafræðsluna í að koma skilaboðum til foreldra um unglingamenningu.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúin HH kemur verkefninu af stað.

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- l) Hitt húsið verði virkur þátttakandi í innleiðingu farsældarlaganna með formlegum hætti og hafi formgerða tengingu við tengiliði framhaldsskólana í Reykjavík og tengiliði/málastjóra í Miðstöðvum velferðarsviðs (VEL).

Útfærsla: Þessi aðgerð er skv. innleiðingu laga um samþætta þónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og er samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni

Framkvæmd: Verkefnastjórar innleiðingar laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og Forvarnafulltrúi Rvk, aðstoða við að koma þessari tengingu á (milli Hins hússins, deildarstjóra barna og fjölskyldna, málstjóra farsældar, tengiliða farsældar). Forvarnafulltrúi HH heldur þessu samstarfi gangandi þegar samstarfi er komið á.

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH

- m) Hitt húsið eigi fulltrúa í samráðshópi fulltrúa Miðstöðvanna fjögurra þar sem markmiðið er að afla upplýsinga um ástæður brotthvarfs ungmenna úr framhaldsskólunum, fá yfirsýn yfir þarfir hans og hvaða úrræði honum standa til boða, samhæfa tilboð og verkefni. Tryggja samhengi við atvinnutengda námið.

Útfærsla: Þessi aðgerð er að hluta til samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni. Þessi liður tengist lið l. Skoða þarf sérstaklega atvinnutengd úrræði fyrir 16-18 ára.

Framkvæmd: Forvarnafulltrúi Hins hússins og miðstöðvar vinna þetta saman, Forvarnafulltrúi Rvk aðstoðar við að koma þessari vinnu af stað

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnafulltrúa HH, ef farið verður í að finna atvinnutengd úrræði þá er það verulegur kostnaður (amk 700.000.- á hvern einstakling) (þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a)

- n) Komið verði á verkefni með skóla- og frístundasviði (SFS) og grunnskólum Reykjavíkur um samstarfssáttmála við ungmenni í 10. bekk og forráðamenn þeirra til að efla samstarf og styðja við nemendur að loknu grunnskólanámi og eða vegna brotthvarfs úr framhaldsskóla.

Útfærsla: Fá leyfi frá foreldrum á meðan nemendur eru í grunnskóla til að fylgja þeim eftir að grunnskóla loknum og geta svo gripið þau sem fara hvorki í skóla né vinnu – þetta er verkefni frá Grindavík

Framkvæmd: Samstarf grunnskóla, miðstöðva og svo Hins hússins, gæti verið tilraunaverkefni í Breiðholti

Kostnaður: Innan fjárhagsramma allra stafsstaða

- o) Hitt húsið leggi áherslu á starfsemi fyrir jaðarsett ungmenni t.d. brotthvarfshópin í framhaldsskólum og ungmenni sem eru í viðkvæmri stöðu þar með talið þau sem hafa fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Lögð verði áhersla á fjölbreytni í opnu starfi hússins auk sértæks hópstarfs.

Útfærsla: Þessi aðgerð er að hluta til samsvarandi við aðgerð D4 í Forvarnaráætluninni. Neet hópur. Möguleiki á að samstarfaðilar t.d. velferðasvið eða miðstöðvar vísi í hópastarf og lokað klúbbastarf í Hitt húsið

Framkvæmd: Hitt húsið óskar eftir samstarfi við mögulega samstarfsaðila og metur þörf fyrir hópastarf hverju sinni, miðað við eftirspurn.

Kostnaður: Kostnaður óljós, amk 30% starfshlutfall (tveir starfsmenn fyrir hvern hóp

2 klst, tvisvar í viku) fyrir hvern hóp (þessi kostnaður er ekki inn í heildar kostnaði sem tilgreindur er í lið a).

p) Leitað verði leiða til að auka nýtingu frístundastyrksins í aldurshópnum 16-18 ára.

Útfærsla: Eiga samtal við ungmennaráð, aðildarfélög Frístundakortsins, Hins hússins og frístundaráðgjafa miðstöðvanna um hvar skóinn kreppir og hvar sóknarfærin liggja. Heyra hvað ungmennin vilja, hvað aðildarfélögin eru tilbúin að gera til að koma á móts við þau og hvaða stuðning Hitt húsið og frístundaráðgjafar miðstöðvanna geta veitt til að styðja við þær hugmyndir sem fram koma. T.d. opna tíma í boltaíþróttum, íslenskunámskeið fyrir ungt fólk o.s.frv.

Framkvæmd: Hitt húsið og MÍR þurfa að hafa frumkvæði að þessari vinnu

Kostnaður: Innan starfssviðs forvarnarfulltrúa HH

Hópurinn leggur til að eftirfarandi verkefni verði í forgangi:

E – D – C – O – M – N

Samantekt á áætluðum kostnaði

a	Kynning á heildartillögum	Áætlaður kostnaður
b	Forvarnarfulltrúi HH 50%	4.500.000
c	Tveir starfsmenn 2klstx2 í viku	2.700.000
d	Tveir starfsmenn í 100%	18.000.000
e	Samnýttir starfsmenn í lið d	-
f	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
g	Sótt um í lýðheilsusjóð	-
h	Þegar fjármagnað á styrkjum	-
i	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
j	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
k	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
l	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
m	Ca 700.000 á hvern x 10	7.000.000
n	Innan fjárhagsramma	-
o	Tveir starfsmenn 2klstx2 í viku	2.700.000
p	Forvarnarfulltrúi sjá lið b	-
-	Samtals	34.900.000

Reykjavík, 3. október 2024
Markús Heimir Guðmundsson
Guðrún Halla Jónsdóttir
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Soffía Pálsdóttir
Kári Sigurðsson